

Sæl/!

Ég heiti Sjöfn Eva Andrésdóttir og er formaður foreldrafélags Álftaborgar. Þar sem ég hef lesið og kynnt mér skýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs hjá Reykjavíkurborg vil ég koma eftirfarandi umsögnum á framfæri:

-Skýrslan er að mörgu leyti mjög góð og margt áhugavert sem þar kemur fram en það eru nokkur atriði sem ég vil endilega koma á framfæri

- Varðandi skipulagt leikskólastarf sem lagt er til að sé milli klukkan 8.30-14.00.

Í ljósi þess að í kringum 20% barna eru ekki mætt í leikskólann kl. 8.30 (skv þessari skýrslu) er spurning hvort ekki væri sniðugra að bjóða upp á skipulagt leikskólastarf frá kl. 9.00-14.00. Þetta nefni ég einnig í ljósi þess að Dagur B. Eggerts kom fram í fjölmiðlum í gær og talaði um tilraunaverkefni að seinka skóladegi grunnskólabarna til 9.00. Margir foreldrar koma börnum sínum fyrst í skóla og svo í leikskólann og því væntanlega truflandi að börn séu að mæta eftir að skipulagt starf hefst í leikskólann. Þar sem óþarfi er að auka enn frekar á streitu foreldra að vera mætt með börn á leikskóla fyrir kl. 8.30 myndi ég telja heppilegra að skipulagt starf hefjist kl. 09.00. Tímalengd skipulags leikskólastarfs er þá jafn langt og í grunnskólum, þar sem grunnskólar byrja margir í dag kl. 8.30 og eru til 13.30 og væri þá frá kl. 9.00-14.00 í leikskólum.

- Þar sem álagsgreiðslur eru til starfsmanna sem sinna opnun milli kl. 7.30-8.00 velti ég fyrir mér hvort þörf sé á slíkum aukagreiðslum þar sem ég myndi ætla að margir myndu þiggja það með glöðu geði að hefja störf fyrr og hætta þá klukkan rúmlega 15 miðað við styttingu vinnuvikunnar. Að þurfa að greiða álag vegna vinnu eftir kl. 7.00 myndi ég halda að væri óþarfi en skil vel að þetta þurfi að ræða við stéttarfélög. Með þessu er hægt að hagræða þar sem kostnaður er mikill á þessum hálf tíma á hvert barn.

- Þar sem erfiðlega gengur að manna stöður og halda í fólki. Í leikskólanum hjá Álftaborg hafa styrkleikar og áhugamál starfsfólks verið nýtt í starf þvert á deildir, til að mynda hafa starfsmenn með jógakennaranám kennt jóga þvert á deildir þrátt fyrir að tilheyra í grunninn einni deild, aðrir starfsmenn hafa haft áhuga á fimleikum, dansi, söng, matjurtarrækt og hefur þessi áhugi og þekking skilað sér inn í starf barnanna. Með þessu er hægt að auka ánægju starfsfólks sem eykur líkur á að fólk haldist í starfi. Þetta vekur áhuga barna á nýjungum sem þau hefðu annars farið á mis við. Til að mynda hafa börnin mín fengið áhuga og öðlast þekkingu á ræktun matjurta, jógaiðkun, dansi og öðru í gegnum þetta góða starf sem þau hefðu annars farið á mis við. Þetta er því gríðarlega dýrmæt þekking og eykur fjölbreytni í starfi. Þetta fyrirkomulag tel ég að myndi auka starfsánægju sem skilar sér í fjölbreyttara og öflugra leikskólastarfi og tel ég að allir leikskólastjórnmendur ættu að leggja áherslu á.

-Hópefli er eitthvað sem ég tel að mætti bæta í leikskólum fyrir starfsfólk þar sem samheldnari hópur skilar sér í betri starfsandann og minnkar líkur á streitu.

- Ég set spurningarmerki við útfærslu á að einn leikskóli í hverju hverfi sé með opið til klukkan 17.00. Ég velti fyrir mér hvernig framkvæmdin á því á að vera, ef fólk skiptir til að mynda um starfsvettvang og þarf skyndilega á þjónustu til 17.00 að halda ætti barnið þá að skipta um leikskóla, eins ef því er öfugt farið? Ég tel ekki eðlilegt að það þurfi þá að færa börn til á milli leikskóla. Eins myndi ég telja að þetta myndi auka umferð þar sem fólk væri þá síður að sækja

skóla sem næst heimilinu og í ljósi þess hvað borgin leggur mikla áherslu á umhverfismál væri það þróun í ranga átt. Ég skil rekstrarlega sjónarmiðið miðað við nýtingu plássna og velti þá fyrir mér hvort það sé þá ekki bara hreinlega að leikskólar loki klukkan 16.30 eða jafnvel 16.45. Það er ljóst að margir vinna til klukkan 18.00 eða lengur og þurfa því margir hvort eð er að brúa bíl að koma börnum fyrir.

-Fjárskortur leikskóla í tengslum við styttingu vinnuvikunnar er annað sem mér er ómögulegt að skilja. Hvernig er hægt að ætlast til að leikskóli sé rekinn með sama fjármagni og var fyrir styttingu vinnuvikunnar þar sem hver starfsmaður á að vinna 2-4 tímum skemur á viku? Einnig er komið inn á í þessari skýrslu að mikið sé um veikindi með tilheyrandi kostnaði, aukinni kulnun og ör starfsmannavelta og hlýtur það því að gefa auga leið að álag á starfsfólk er of mikið fyrir styttingu vinnuvikunnar. Ef starfsfólk á að vinna 2-4 klukkustundum skemur en það gerði fyrir ári þá hlýtur það að koma niður á starfi og auka enn frekar líkur á veikindum og kulnun, fyrir utan að það verður enn erfiðara að ráða inn starfsfólk.

Ég hef heyrt marga foreldra tala um að þeir væru alveg tilbúnir að borga aðeins hærri leikskólagjöld gegn því að það væri gott og ánægt starfsfólk sem sinnti börnum þess þar sem mikil velta starfsfólks er ekki góð fyrir börnin heldur.

Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi umsögn mína megí þið gjarnan hafa samband.

Kær kveðja,

Sjöfn Eva Andrésdóttir
Formaður foreldrafélags Álftaborgar
S: [REDACTED]

Stytting vinnuviku barna (Dvalartími barna í leikskólum borgarinnar)

Samið hefur verið um styttingu vinnuvikunnar hjá flestum bæði á almennum og opinberum markaði. Það verður að vera sameiginlegt verkefni sveitarfélaga, foreldra og leikskólasamfélagsins alls að það leiði til þess að vinnuvika barna styttest samhliða. Ef það gerist ekki hefur okkur mistekist sem samfélag. Ávinningurinn af styttri vinnuviku þurfa svo sveitarfélögin að sjá til að skili sér í bættu starfsumhverfi barna og leikskólakennara.

Það var allan tíman vitað að stytting vinnuviku í leikskólum yrði snúin án kostnaðar og eða þjónustuskerðingar.

Leikskólastigið er mjög viðkvæmt mönnunarlega séð og að því leyti miklu líkari vaktavinnustöðum en öðrum dagvinnustöðum

Það eru nokkrar leiðir til að mæta styttingunni í leikskólum. Með mannráðningum, með styttri dvalartíma barna, með styttra skólaári eða blöndu af öllu.

Félag leikskólakennara fagnar því tillögum sem markvisst miða að því að stytta meðal dvalartíma barna í leikskólum.

Laun leikskólakennara (Aðgerðir til að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarvanda leikskóla)

Félag leikskólakennara saknar umfjöllunar um laun leikskólakennara í skýrslunni líkt og gert er varðandi aðra hópa sem starfa í leikskólum. Það er óumdeilt að laun hafa umtalsverð áhrif þegar kemur að starfsvali. Mikil sóknarfæri eru í jöfnun launa á milli markaða þar sem töluverður munur er á launum sérfræðinga sem starfa hjá sveitarfélögunum annars vegar og sérfræðingum sem starfa hjá ríki og á almennum markaði hins vegar.

Það er alveg ljóst að menntun þarf að vera metin til launa. Það verður að vera launalegur hvati til staðar til að sækja sér menntun.

Að því hefur verið unnið markvisst í undanföllum kjarasamningum.

Ef ekki er launalegur hvati fjölgar ekki leikskólakennurum. Í síðustu samningum var samið um að meta starfsreynslu sem ófaglærður starfsmaður í leikskóla. Við það jókst umtalsvert ávinningur reynslumikils ófaglærðs starfsfólks í leikskólum að sækja sér menntun. Í þá átt á að stefna.

Hægt er að hækka ófaglært starfsfólk í leikskólum og leikskólakennara hlutfallslega meira en aðra hópa. Reynslan hefur hinsvegar sýnt að slík aðferðafræði er erfið í framkvæmd vegna ýmissa samhangandi utanaðkomandi þátta.

Fjölgun leikskólakennara (Aðgerðir til að bregðast við nýliðunarfanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarfanda leikskóla)

Félag leikskólakennara tekur undir það sjónarmið að stærsta verkefni allra sveitarfélaga í landinu er að fjölga leikskólakennurum.


Sá vandi er djúpstæður. Leikskólastigið hefur þróast hratt sem skólastig og í raun allt of hratt til þess að geta staðið almennilega undir sér. Ákvarðanir samfélagsins um að taka sífellt inn yngri og yngri börn án þess að hugsa málið fyllilega til enda hefur aukið á vandann og komið okkur öllum í erfiða stöðu. Það vantar um 1500 leikskólakennara til að uppfylla [lög 95/2019](#) um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda á leik- grunn og framhaldsskólastiginu. Lögin kveða á um að 2/3 hlutar þetta eða um 67% sem sinna uppeldi og menntun á leikskólastiginu eigi að hafa leyfisbréf kennara. Hlutfallið í dag er á landsvísu eingöngu 28%.

Hér má sjá þróunina undanfarna áratugi. Hraður vöxtur leikskólastigsins bæði hvað varðar fjölgun barna og inntaka yngri barna gerir það að verkum að hlutfall leikskólakennara nær aldrei að rísa upp úr 1/3. Eins hefur dvalartími barna á þessum árum lengst.


Töluverð fjölgun hefur þó verið undanfarin ár í leikskólakennaranám.

Félagi leikskólakennara hefur bent á að skynsamlegt væri að hægja á vexti leikskólastigsins og taka ekki inn yngri börn á meðan við náum krafti í nýliðunina. Við verðum að horfa á heildarmyndina og reyna að ná nýliðun á meira flug í stað þess að setja meiri þrýsting á kerfið. Okkar markmið er að fylgja lögum landsins og að sjálfsögðu að sjá til þess að faglegt starf leikskólanna sé eins og það gerist best


Yfirlitsmyndir um þróun fjölda barna og dvalartíma



Yfirlitsmyndir um þróun fjölda barna og dvalartíma



Yfirlitsmyndir um þróun fjölda barna og dvalartíma





Lög 95/2019. Að lágmarki 2/3 hlutar þeirra sem sinna uppeldi og menntun í leikskólum eiga að hafa leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi eða 66.66%



Fyrir hönd stjórnar FL

Haraldur F. Gíslason, formaður

Umsögn um tillögu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs

Dags. 3.6.2021.

Skrifað af foreldraráði og foreldrafélagi Fífuborgar

Liður 1)

Tillaga um opnunartíma leikskóla:

Við teljum að foreldrar velji almennt séð ekki leikskóla út frá opnunartíma þeirra. Það er frekar út frá því hverja fólki þekkir, nálægð við heimili, stefnu leikskólans og meðmæli með leikskólanum. Þetta hefur líka mikið að segja fyrir börnin sem þekkja kannski önnur börn í hverfinu og vilja vera með þeim í leikskóla. Þá vilja foreldrar styðja við það. Vinatengsl geta myndast við 2 – 3ja ára aldur og haldið áfram upp í grunnskóla innan hverfis. Í sumum tilfellum þurfa foreldrar að velja þann leikskóla sem þeim býðst fyrst.

Auk þess teljum við að það sé verið að reyna að stuðla að því að börn dvelji skemur í leikskólum vegna þess að það sé verið að hugsa um þau, en að atvinnulífið verði að taka þátt í að gera samfélagið barnvænlegra. T.d. með því að leyfa foreldrum að vinna skemur á daginn og að hafa sveigjanlegri vinnutíma. Auðvitað vilja foreldrar stuðla að barnvænna samfélagi, en að sama skapi þá verða þau að vinna nógu mikið í takt við atvinnulífið.

Um tillögu um sveigjanlegan dvalartíma barna:

Hafa þarf í huga að það er dagskrá í gangi í leikskólanum og ef barn kemur seint í leikskólann þá missir það af kennslu. Jafnframt getur það verið erfiðara fyrir barnið að komast inn í dagskrána sem er í gangi hverju sinni.

Skipuleggja þarf starfið út frá barna- og starfsmannafjölda og þess vegna þarf að vera hægt að sjá hlutina fyrir í leikskólunum.

Liður 2)

Um skipulagt skólastarf:

Vissulega er það skynsamlegt að reyna að hafa skipulagt skólastarf í leikskólum frá 8:30 – 14:00, en frekar að það sé viðmið heldur en tilskipun. Okkur þykir æskilegt að hver leikskóli geti skipulagt skólastarfið út frá eigin þörfum og aðstæðum. Það er ólíkt hvað hentar á hverjum leikskóla. Æskilegt væri að hafa skipulagt skólastarf megnið af skóladeginum, en til þess að það verði að raunveruleika þarf aukið fjármagn í leikskólana. Við lítum svo á að allt skólastarf sé skipulagt skólastarf, líka frjálssprottinn leikur.

Líka þarf að hugsa um að þau börn sem mæta seint í leikskólann missa af mikilli dagskrá og fá þá ekki kennslu til jafns við önnur börn. Börn sem hafa sérþarfir, huga þarf vel að þeim líka eftir klukkan 14:00. Oft eru það t.d. stuðningsstarfsmenn sem styðja við ákveðin börn sem ná best til barnanna og það getur haft slæm áhrif fyrir barn ef stuðningsstarfsmaður er fjarverandi.

Að auki getur það verið leið að minnka álag á leikskólakennara að gera starf í leikskóla eftirsóknarverðara. Þetta þyrfti að gera í samvinnu við starfsfólk á vettvangi leikskólanna.

Fyrir hönd foreldraráðs:

Anna María Eiríksdóttir

Jóhanna Bára Haraldsdóttir

Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir

Fríða Hannesdóttir

Fyrir hönd foreldrafélags Fífuborgar:

Kristinn Örn Arnarson

Klara Kristjánsdóttir

Linda Björk Ingvadóttir

Katrín María Elínborgardóttir



Umbætur og skipulag leikskólastarfs - Umsögn foreldrafélags Dalskóla

Bréf: Umsögn

Málsnúmer: SFS2019100023

Bréfalyklar: 6.5 Starfsáætlanir leikskóla

Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 09.06.2021

Dagsetning skjals: 09.06.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Helga Hreiðarsdóttir" [REDACTED]

Skjalalykill	6.5 Starfsáætlanir leikskóla	Málsnúmer	SFS2019100023
Móttökudags.	09.06.2021	Skráð í GoPro	09.06.2021

Viðtakandi		Sendandi
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun
Starfsmaður		Nafn
		Kennitala:
Tegund skjals	Umsögn	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		
Eldri skjalalykill		
		Er flokkað eftir eldri skjalalykli í skjalasafni. ☐ Já ☒ Nei

Sent:

Sent til:

Notandi: "Helga Hreiðarsdóttir" [REDACTED]

Dagsetning: 9.6.2021 09:51:53

Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>

Efni: Umsögn foreldrafélags Dalskóla

Til starfshóps vegna skýrslu um umbóta og skipulags leikskólastarfs

Umbætur og skipulag leikskólastarfs

Umsögn Leikdals, foreldrafélag leikskólahluta Dalskóla,

Stjórn Leikdals fagnar þessari faglegu og ítarlegu skýrslu á vegum Skóla- og Frístundaráðs. Að henni virðast hafa komið fjölbreyttur hópur fólks og fagfólk innan leikskólanna höfð með í ráðum, bæði af vettvangi leikskólanna en líka frá menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Það sem skín í gegn af lestri þessarar skýrslu er tilraun til þess að koma til móts við nýjan veruleika í rekstri leikskólanna. Þann veruleika að leikskólakennarar hafi nú í kjarasamningum aukinn tíma til undirbúnings og stytting vinnuvikunnar fyrir alla starmenn. Báðir þessir þættir þýða að færri starfsmenn eru þá að sinna og huga að menntun, vellíðan og öryggi barnanna þessa klukkutíma sem viðkomandi starfsfólk er fjarverandi.

Við í stjórn Leikdals fögnum þeim tillögum sem koma fram í skýrslunni en myndum jafnframt vilja sjá fleiri aðgerðir sem hvatningu fyrir foreldra til að stytta dvalartímann enn frekar. Það er staðreynd að flest börn eru þreytt eftir langan leikskóladag, alveg sama hve faglega hann er rekinn eða hve ánægð þau eru með dvölina. Langur dagur er álag, fyrir börn í leikskóla sem og fullorðið fólk á vinnumarkaði.

Við sjáum á tölum úr skýrslu Eurydice að börn á Íslandi hafa lengsta vistunartíma Evrópu. Það skýtur líka skökku við að vinnudagur leikskólabarna lengist ár frá ári á meðan vinnumarkaðurinn hefur verið að vinna að styttingu vinnuvikunnar fyrir fullorðna fólkið. Það væri ekki úr vegi að setja reglur um að stytting vinnuviku barna haldist í hendur við þá styttingu sem foreldrar eru að nýta sér.

Hvati til þess að stytta dag barnanna okkar gæti líka verið breyting sem er í skoðun hjá Kópavogsbæ. Breytingin snýr að því að fyrstu 6 tímar leikskóladagsins eru gjaldfrjálsir, eins og í grunnskólanum, en síðustu 2,5 tímarnir eru borgaðir nokkuð dýru verði. Þó munu þeir ekki kosta meira en heill dagur kostar nú. Þessi breyting rímar við þá tillögu umbótaskýrslunnar

að faglegt starf og verkefni fari fram á milli 9-14 á daginn og eftir kl. 14 sé hugað að frjálsum leik, vellíðan og öryggi fyrst og fremst.

Þó aðeins 5-10% fjölskyldna myndu nýta sér þessa gjaldskrárbreytingu og stytta dag barna sinna um 1-2 tíma þá myndi það léttu álag í lok dags og fækka þeim dögum sem foreldrar þyrftu að sækja börnin sín snemma vegna faliðunar. Þessi fækkun í lok dags myndi bæta líðan barna sem hafa ekki tæk á að stytta daginn. Þetta léttara álag myndi bæta starfsaðstæður þeirra starfsmanna sem ekki eiga vinnutímastyttingu þann daginn.

Fyrir hönd Leikdals

Helga Hreiðarsdóttir

Umsögn foreldrafélags Hulduheima í Grafarvogi um tillögur stýrihóps í skýrslunni, „Umbætur og skipulag leikskólastarfs“ í júní 2021

Umsögn rituð í júní 2021, af Brynju Halldórsdóttur, Ylfu Sigbrúðardóttur, Bergþóru Guðnadóttur og Kristínu Rut Þórðardóttur.

Inngangur

Metnaðarfullt skólastarf í leikskólum þrífst ekki án hæfs, umhyggjusams og ánægðs starfsfólks í leikskólum. Ekki væri hægt að innleiða umbætur í leikskólastarfi án þeirra. Starfsfólk þetta nýtur ekki árangurs sem erfiðis fyrir sitt vinnuframlag og oft löngu skólagöngu. Sérstaklega hefur reynt á starfsfólkið síðastliðið ár, sem er í framlínu í heimsfaraldri og hefur þurft að aðlagast síbreytilegum aðstæðum en hefur samt sem áður náð að halda uppi skólastarfi. Fyrir það verður eiga þau skilið ómældar þakkir.

Tillögur starfshópsins eru um margt jákvæðar og góðar en komast ekki að kjarna málsins: að kjör starfsfólks leikskóla eru ekki nógu góð til þess að starfið teljist eftirsóknarvert til langframa.

Skipulag dagsins

Grunnhugmyndin um að þungamiðja faglegs skólastarfs sé á þeim tíma sem flest börn eru í húsi og áður en þau verða þreytt síðdegis er góð og gild. Aftur á móti þarf að taka þarf tillit til þess að morgunmaturlífi í leikskólum er oft borinn fram til kl. 8.45 og að 5% barna (skv. tölfræði á bls. 24) koma í leikskólann kl. 9 eða seinna. Gæta þarf þess að þau börn og börn sem borða morgunmatinn til kl. 8.45 missi ekki af mikilvægum hlutum námsins.

Úthlutunarlíkan leikskóla

Þar sem starfshópurinn leggur ekki til beinar breytingar á úthlutunarlíkani leikskóla aðrar en þær sem finna má í tillögu 1 um dvalartíma barna leikskólum borgarinnar (sem tekin er fyrir neðar í umsögn þessar), hefur foreldrafélagið og foreldraráðið ekkert til málanna að leggja annað en að leggja ríka áherslu á að börn fái leikskólapláss í borginni fyrr en þau fá í dag, sem er oft ekki fyrr um tveggja ára. Slíkt mun ekki ganga upp nema tekið sé á nýliðunarvanda í leikskólunum, sem leysist ekki nema kjör starfsfólks í leikskólum séu bætt.

Uppbygging gjaldskrár

Þar sem starfshópurinn leggur ekki til beinar breytingar á uppbyggingu gjaldskrár, hefur foreldrafélagið og foreldraráðið ekkert til málanna að leggja.

Framtíðarsýn varðandi stærð barnahópa og leik- og heildarrýmis pr. barn

Þar sem starfshópurinn leggur ekki til beinar tillögur, umfram það að leggja áherslu á mikilvægi þess að setja fram viðmið um ofangreint, hefur foreldrafélagið og foreldraráðið ekkert til málanna að leggja.

Aðgerðir til að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarvanda leikskóla

Foreldrafélagið og foreldraráðið álítur þennan kafla þann mikilvægasta í tillögum að umbótum. Ekki verður hægt að innleiða umbætur og halda uppi metnaðarfullu og ástríku skólastarfi nema komið sé til móts við nýliðunar- og mönnunarvanda með skilvirkum hætti. Eru kjarabætur lykilatriði í því sambandi.

Foreldrafélagið og foreldraráðið styður hugmyndir starfshópsins um að skoða „hvaða hætti megi nýta fagþekkingu þeirra leikskólakennara sem starfandi eru í leikskólum borgarinnar í stærra samhengi“ og að „skoða möguleika á því að tveir eða fleiri leikskólar ráði saman sérfræðinga eða verkefnisstjóra vegna sértækra verkefna,..“ einnig að „horfa til þeirra starfsmanna sem lokið hafa B.ed. námi í leikskólafræðum og á hvern hátt megi draga fram fagþekkingu þeirra og gera þennan hóp sýnilegri í starfsemi leikskóla“ og einnig að setja af stað miðlæga nýliðafræðslu.

Félagið og ráðið telja gott og gilt að fá inn ad hoc verkefnastjóra með fjölbreytta menntun inn í einstaka verkefni, það sama gildir um hugmyndir um að fá inn fólk með B.Ed. Það sem gleymist hins vegar alltaf í umræðu um nýliðunar- og mönnunarvanda í leikskólum er að kjörin þurfa að vera nógu góð til að fólk velji að vinna í leikskólum.

Þá styður félagið og ráðið einnig hugmyndir um að munur á kjörum, ábyrgð og skyldum starfsmanna sem sinna uppeldi og menntun leikskólabarna annar vegar og hins vegar hjá sambærilegum stéttum á grunnskólastigi sem og í frístundastarfi borgarinnar, sé skoðaður nánar og leiðréttur.

Færa má gild rök fyrir því að fólk sem sinnir kennslu í leikskólum eigi jafnmikið erindi í Kennarasamband Íslands og þeir sem sinna kennslu í grunnskólum, en þetta er stéttarfélaganna að ákveða.

Félagið og ráðið telja rétt að samræma skilyrði fyrir undanþágu til að ráða ófaglærðan leikskólakennara til starfa annars vegar og ófaglærðan grunnskólakennara til starfa hins vegar. Raunar mætti ganga lengra að mati foreldrafélagsins og ráðsins fyrir báða hópa og lækka aðgangshindranir að störfum með börnum enn frekar, í ljósi manneklu. Mætti í því samhengi t.d. fella út kröfu um „endurtekna auglýsingu“ um starf, ein auglýsing ætti að duga. Að sama skapi mætti auka réttindi þeirra sem koma inn sem „undanþágustarfsmenn“ þannig að þeir hafi starfsöryggi til fleiri en eins árs. Þannig gætu fólk með bakgrunn í hjúkrun, sálfræði, sjúkraliðafræði, uppeldisfræði og fleiri fögum komið inn í leikskólana.

Þá þarf að samræma í höndum hvers ákvörðun um veitingu undanþágu á að vera, þar sem veitingarvaldið er annars vegar í höndum Menntamálastofnunar og hins vegar sveitarfélags/rekstraraðila eftir því hvort um grunnskóla eða leikskóla er að ræða.

Leikskólakennaranámið er langt og nýliðun gengur hægt. Þess vegna er sjálfsagt að drjúgur hluti námsins sé launað starfsnámi og að starfsreynsla sé metin til eininga. Þá mætti jafnvel fá reynslu af starfi á leikskóla metið til eininga í fleiri fögum. Síðast en ekki síst, þarf að hækka launin til að starfið sé eftirsóknarvert. Það gagnast ekki síst börnunum þar sem mikil starfsmannavelta hefur neikvæð áhrif á þau.

Nánnar um skerðingu dvalartíma

Félagið og ráðið telja nauðsynlegt að bregðast við tillögum um skerðingu dvalartíma barna, þannig að flestir leikskólar loki kl. 16.30 á daginn og að þak sé sett á hámarksdvalartíma barna. Af lestri skýrslunnar að dæma, virðast skýrsluhöfundar hafa komist að fyrirfram ákveðinni niðurstöðu. Rökin sem tekin eru fram í skýrslunni eru margt góð og gild en taka þarf frekara tillit til eftirfarandi þátta:

Leikskólakennarar eru kvennastétt sem fær ekki greitt í samræmi við sitt mikilvæga starfsframlag, sérþekkingu og oft langa skólagöngu. Eðlilegt er að stytta vinnudag þeirra án skerðinga á launum en stytting dvalartímans felur í sér fórnarkostnað.

Eins og fram kemur í bakgrunnsgögnum og jafnréttismati, hefur stytting dvalartíma helst neikvæð áhrif á konur, sér í lagi erlenda foreldra og foreldra í vaktavinnu. Þennan hóp er helst að finna í austari hluta borgarinnar, „þ.e. í Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti eða Úlfarsárdal eða á Kjalarnesi,“ en þau „hafa að jafnaði minna svigrúm vegna vinnutíma og ferðatíma til og frá vinnu en íbúar vestar í borginni.“ eins og segir á bls. 20 í skýrslunni.

Vissulega er áhugaverð tölfræði sem kemur fram í bakgrunnsgögnum að feður búi við meiri sveigjanleika í starfi en mæður, en sækja börn sín síður í leikskólann og segist munu sækja börn sín enn síður ef dvalartími er skertur. Þangað til feður verða skyldaðir til að sækja börn sín í leikskólann í sama mæli og mæður (sem er harla ólíkegt), verður ekki hjá því komist að taka sérstaklega tillit til neikvæðra afleiðinga skerðinga á mæður umfram feður.

Einnig verður að taka tillit til þess að skerðing á dvalartíma barna verður að haldast í hendur við styttingu vinnuvikunnar hjá foreldrum, sem er ekki orðin almenn meðal foreldra, og líklega síst hjá viðkvæmasta hópnum, sem eru erlendar konur og konur í vaktavinnu.

Heimili og skóli áætla að tillaga um skerðingu dvalartíma hafi áhrif á um 400 fjölskyldur (sjá bls 22 í skýrslu). Allsendis óvíst er að dreifing þessa hóps sé jöfn á milli hverfa, þvert á móti má áætla, í ljósi bakgrunnsgagna, að dreifingin sé lítil og flestar þessara fjölskyldna búi í austurhluta borgarinnar. Má því áætla að í austari hluta borgarinnar þurfi fleiri leikskólar að vera opnir til kl. 17.00 en í öðrum borgarhlutum. Þá er fullkomlega eðlilegt að þeir leikskólakennarar sem vinna yfirvinnu til kl. 17.00 á daginn eða vinna lengra en hefðbundinn vinnudag fái ríkulega greitt fyrir það. Nauðsynlegt er að þetta verði haft í huga við útfærslu tillögunnar.

Vert væri að kanna betur hvar þörfin er mest og minnst fyrir lengri dvalartíma, sjá út frá því hvaða hverfi megi helst við skertum dvalartíma og prófa skerðingar þar í tilraunaskyni. Gangi það vel, mætti í framhaldi íhuga skerðingu í hverfum þar sem þörfin fyrir lengri dvalartíma er ríkari. Verður því að taka undir með Heimili og skóla í umsögn sinni, að rétt væri að taka smærri skref þar sem árangur og áhrif væru metin jafnóðum, til að mynda með styttingu um 15 mínútur og á færri stöðum til að byrja með.

Í stuttu máli, þarf að huga sérstaklega að viðkvæmustu hópnum, sem búa við lítinn sveigjanleika í vinnu, og eru líklegri til að búa í austari hluta borgarinnar. Þá er rétt að taka skerðinguna í smærri skrefum og byrja skerðinguna þar sem þörf fyrir lengri dvalartíma er minnst. Loks er mikilvægt að greitt sé vel fyrir yfirvinnu til kl. 17.00 og yfirvinnu umfram hefðbundinn vinnudag.

Borgin á síst að spara þegar kemur að launum fólksins sem fræðir, menntar og annast næstu kynslóð. Þegar öllu er á botninn er hvolf, eru leikskólastarfsmenn undirstaðan að velferð okkar samfélags til framtíðar.

Áhrif sem eitt leyfisbréf getur haft á leikskólastarfið og hlutfall starfandi leikskólakennara í leikskólum

Hér koma engar tillögur að umbótum og skipulagi leikskólastarfs, því hefur foreldrafélagið og foreldraráðið ekkert til málanna að leggja.

Tölfræði – stöðugildi og hlutfall ýmissa hópa í leikskólum

Það er augljóst að vöntun á fagmenntuðu leikskólastarfsfólki er mikil, sem og vöntun á starfsfólki í leikskólum yfir höfuð, og kemur til með að verða enn meiri ef ekkert verður gert. Foreldrafélag og foreldraráð er sammála starfshópi með það að bætt starfsumhverfi leikskólastarfsmanna gegni lykilhlutverki þegar kemur að því að gera starf í leikskóla meira aðlagandi.

Kjarasamningar

Foreldrafélag og foreldraráð er sammála því að styttri opnunartímar leikskóla myndu létta verulega skipulagi og útfærslu leikskólanna á styttingu vinnuvikunnar sem kveðið er á um í nýjum kjarasamningum. Aftur á móti þarf að taka tillit til neikvæðra áhrifa á viðkvæma hópa, eins og lýst er ofar í umsögninni.

Opnunartími í öðrum sveitarfélögum og sjálfstætt starfandi leikskólum

Það er ekki hægt að neita því að betri rekstur leikskóla og minna álag á starfsfólk séu mjög góð rök fyrir því að stytta opnunartíma leikskóla. Sér í lagi þegar leikskólar í nágretta sveitarfélögum og sjálfstætt starfandi leikskólar eru farnir að stytta opnunartíma og geta þar af leiðandi verið orðnir meira heillandi vinnustaðir en þeir leikskólar sem eru með opið til kl. 17.00. Foreldrafélaginu og ráðinu finnst það samt sem áður mjög mikilvægt að það verði nógu margir leikskólar í hverju hverfi sem bjóða upp á dagvistun til kl. 17.00 fyrir þá foreldra sem þurfa að nýta sér það. Fjöldi leikskóla sem bjóða upp á lengri dvalartíma þarf að vera í samræmi við þörf íbúa hverfisins.

Hvaða leikskólar eiga að vera opnir til kl. 17.00?

Starfshópur hefur lagt til að einn til tveir leikskólar í hverju hverfi hafi opið til kl. 17.00. Starfshópur hefur hins vegar ekki lagt fram eina sérstaka tillögu að því hvernig leikskóli verður valinn til þess að hafa opið til kl. 17.00. Foreldrafélagið og ráðið vill þó koma því á framfæri mikilvægi þess að mæta þörfum mismunandi hverfa, sbr. ofangreint.

SVÓT greining á opnunartíma og mótvægisáðgerðum

Starfshópur hefur gert SVÓT greiningu á þrettán leiðum til breytinga og/eða á styttingu opnunartímum hjá leikskólum þar sem gert er grein fyrir kostum, göllum, tækifærum og ógnum hverrar leiðar fyrir sig.

Allar leiðir geta komið til greina en augljóst er að starfshópurinn hallast að einni tiltekinni niðurstöðu. Foreldrafélagið og foreldraráðið benda á, að mismunandi leiðir geta hentað mismunandi leikskólum og hverfum þar sem þörfin er mismunandi.

Athugasemdir vegna skýrsla stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs.

Stjórn Foreldrafélags Grænuborgar, og foreldraráð Grænuborgar fagna að unnið sé að tillögum að endurskipulagningu leikskóla með það að markmiði að gera þeim kleift að bjóða upp á enn betri þjónustu og starfsumhverfi en nú er.

Í tillögunum er að finna ýmsar úrbætur sem verða til bóta fyrir foreldra, þar á meðal aukinn sveigjanleiki dvalartíma innan vikunnar, sem getur komið sér vel fyrir foreldra, auk þess sem endurskipulagning á starfinu vegna lengri dvalartíma mun vafalítið hafa jákvæð áhrif á þjónustu og starfsumhverfi þegar á heildina er lítið. Stjórnin er almennt fylgjandi styttingu vinnuvikunnar og telur að það muni hafa jákvæð áhrif á starfið í heild.

Stjórn Foreldrafélags Grænuborgar vill þó koma á framfæri eftirfaranda athugasemdum við tillögur stýrihópsins um breytingar á högun lengds dvalartíma:

1. Sé miðað við hlutfall þeirra sem dvöldu lengur en til kl. 16:30 árið 2020 (5%) ætti almenn stytting dagsins til 16.30 að ganga ágætlega upp að teknu tilliti til fyrirhugaðra mótvægisáðgerða. Þetta hlutfall gefur þó ekki endilega rétta mynd vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á þjónustunni hvað lengri dvalartíma varðar vegna Covid-19. Hlutfall barna með lengri dvalartíma en til kl. 16:30 árið 2019 var 17%. Hvort að ráðgerður fjöldi leikskóla með lengri dvalartíma innan hverfis nægi til að þjónusta þennan hóp, mun skera úr um hversu vel tillagan gangi upp.
2. Sé aðeins boðið upp á einn leikskóla í hverju hverfi sem tekur við börnum sem þurfa lengri dvalartíma er hætt á að breytingarnar komi verr niður á atvinnuþátttöku mæðra, en þó að mikið hafi áunnist í jafnréttismálum er ennþá algengt að mæður beri hitann og þungann af því að „sækja á leikskólann“. Að auki er hætt á að þessar breytingar komi illa við stéttir sem ekki hafa sveigjanlegan vinnutíma, t.d. verslunarfólk. Þá má leiða að því líkum að ofangreint auki hættuna á minni félagslegri blöndun barna á leikskólaaldri.

Fyrir hönd Stjórnar Foreldrafélags Grænuborgar og Foreldraráðs Grænuborgar,

Hlynur Johnsen

Formaður Stjórnar Foreldrafélags Grænuborgar

Meðlimur foreldraráðs Grænuborgar

Reykjavík, 9. júní 2021

Umsögn vegna skýrslu „Umbætur og skipulag leikskólastarfs“

Í skýrslunni *Umbætur og skipulag leikskólastarfs* felast helstu breytingar í því að stytta opnunartíma leikskóla og draga úr skipulögðu starfi. Leikskólinn Gullborg hefur ætíð boðið upp á framúrskarandi faglegt starf fyrir leikskólabörn. Þá er öllum ljóst að leikskólakennarar og aðrir starfsmenn leggja mikinn metnað í starfið þar sem börnum hefur verið boðið upp á spennandi verkefni og jafnframt liðið mjög vel. Þökk sé þessu starfi þá hafa börnin einnig verið mjög vel í stakk búin til að takast á við nýjar kröfur og viðfangsefni sem taka við í grunnskóla. Okkur þykir því miður að ný stefna borgarinnar felst í því að skerða þetta góða, faglega og skipulagða starf í stað þess að veita starfsfólki leikskóla þann stuðning sem þörf er á til að geta sinnt því. Við í foreldraráði Gullborgar veltum því fyrir okkur hvort að fjármunirnir sem sparast við styttingu opnunartíma gætu ekki verið notaðir til að auka mönnun á móti styttingu vinnuvikunnar. Komi til þess að skipulagt starf verður minnkað (sem við vonum að verði ekki raunin) þá er einnig nauðsynlegt að kanna hvaða áhrif slík breyting hefur á liðan barna og starfsánægju leikskólakennara.

Þar sem skýrslan felur í sér stórtækar breytingar á starfi, s.s. breytingar á opnunartíma og að dregið verði úr skipulögðu starfi, finnst okkur einnig eðlilegt að hún verði kynnt almennilega og með ítarlegum hætti fyrir öllum foreldrum áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar um breytingar. Það er samdóma álit foreldraráðsins að stefna borgarinnar eigi að miða að því að efla faglegt starf í stað þess að draga úr því og er því farið fram á að efling verði tryggð í nýrri stefnu. Ekki er tækt að bera fyrir sig styttingu vinnuvikunnar þegar ljóst er við kjarasamningsgerð hvað slíkar breytingar kosta og ótækt að láta þær bitna á þeirri nauðsynlegu grunnþjónustu sem faglegt starf leikskóla er. Þá skal að lokum sérstaklega bent á þau áhrif sem styttri opnunartími hefur á einstæða foreldra sem geta verið bæði fjárhagslegir sem og heilsufarslegir í formi aukins álags. Útfærsla á styttingu vinnuvikunnar getur ekki hafist á skertri grunnþjónustu heldur þarf hún að aðlagast þeirri útfærslu sem verður niðurstaðan í samfélaginu.

Kveðja,
Foreldraráð Gullborgar;
Heiður Margrét Björnsdóttir,
Þórhildur Halldórsdóttir,
Stefán Karl Kristjánsson,
Hildur Droplaug Pálsdóttir,

**Umbætur og skipulag leikskólastarfs - Foreldrafélag á leikskólanum Hlíð**

Bréf: Umsögn

Upplýsingar um viðskiptavin:

Málsnúmer: SFS2019100023

Bréfalyklar: 6.5 Starfsáætlanir leikskóla

Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir

Netfang: "Hulda Katrín Stefánsdóttir"

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 09.06.2021

Dagsetning skjals: 08.06.2021

Skjalalykill	6.5 Starfsáætlanir leikskóla	Málsnúmer	SFS2019100023
Móttökudags.	08.06.2021	Skráð í GoPro	09.06.2021

Viðtakandi		Sendandi
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun
Starfsmaður		Nafn
		Kennitala:
Tegund skjals	Umsögn	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		
Eldri skjalalykill		
		Er flokkað eftir eldri skjalalykli í skjalasafni. ☐ Já ☒ Nei

Sent:

Sent til:

Notandi: "Hulda Katrín Stefánsdóttir"

Dagsetning: 8.6.2021 23:02:46

Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>

Efni: Tillaga stýrihóps

Til þeirra er málið varðar:

Foreldrafélag á leikskólanum Hlíð á Engihlíð 6-8 og Eskihlíð 19, 108 Reykavík, styður tillögu stýrihóps um styttingu opunartíma leikskóla.

Fyrir hönd foreldrafélagsins

Hulda Katrín Stefánsdóttir

Sími

9. júní 2021

Fyrirspurn vegna skýrslu „Umbætur og skipulag leikskólastarfs“

Stytting vinnuvikunnar felur í sér talsverðar breytingar fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili. Nú þegar hefur starfsfólk á leikskólum verið undir auknu álagi vegna mönnunarvanda og skorts á fagfólki. Markmið skýrslunnar er því að finna leiðir til að bæta kjör starfsfólks, í því formi að stytta vinnuvikuna, minnka álag, draga úr skriffinnsku og auka fagmennsku og faglegt frelsi, samhliða því að sinna áfram því góða starfi sem leikskólar borgarinnar hafa boðið upp á.

Það er öllum í hag að bæta kjör starfsfólks á leikskólum og ýmislegt jákvætt í skýrslunni. Við sem bæði foreldrar leikskólabarna og fræðimenn höfum þó spurningar varðandi lið #2 *Skipulagi dagsins* og hvernig þessar breytingar ná settum markmiðum skýrslunnar. Í skýrslunni kemur fram að „*leikurinn er meginnámsleið barnsins*“. Út frá lýsingunni í skýrslunni (sem og aðalnámskrá leikskólabarna sem vísað er í) er óljóst hvernig starfið mun fara fram. Til dæmis, hvernig verður að „gefa leik nægan og samfelldan tíma“ og „styðja við og efla jákvæð samskipti í leik“ útfært? Það vantar skýringar á því hvaða kenningarlega grunni stefnan er byggð og hvort að leikskólakennarar hafa nú þegar (eða munu fá) þjálfun annars vegar í slíkri kennslu í gegnum leik og hins vegar þjálfun í að þjálfva aðrar til að beita slíkri aðferð þar sem við vitum að það er skortur á faglærðu fólki. Hvernig verður gætt að því samræmi sé í þjónustu milli leikskóla?

Embætti landlæknis hefur birt nýverið tvær skýrslur þar sem aukin áhersla er lögð á að gagnreyndar aðferðir séu notaðar á öllum skólastigum (*Námsefni og heildarskólanálgun til að efla jákvæða hegðun og félags- og tilfinningafærni í íslenskum skólum frá nóvember 2020; Innleiðing geðrætarstarfs, forvarna og stuðning við börn og ungmenni í skólum á Íslandi frá október 2019*) en í skýrslunni frá 2020 kemur fram að skólar á Íslandi eru almennt ekki að nota námsefni sem uppfylla gæðaviðmið um kennslu félags- og tilfinningafærni. Á hvaða gagnreyndu aðferðum byggir þessi stefna sem lýst er í skýrslunni?

Ein helsta breytingin á leikskólastarfinu í þessari skýrslu virðist vera að dregið sé úr skipulögðu starfi eftir kl. 14 á daginn. Hvernig mun þessi skerðing hafa áhrif á börnin? Rannsóknir hafa sýnt að flestum börnum líður best í skipulögðu og fyrirsjáanlegu umhverfi. Í ljósi ákveðins óróleika í samfélaginu í kjölfar COVID-19 (t.d. aukið atvinnuleysi, breytt heimilishald, aukning á tilkynningum á heimilisofbeldi, aukning á geðrænum einkennum hjá ákveðnum hópum) þá gæti skipulagt og fyrirsjáanlegt umhverfi verið einmitt það sem stuðlar að öryggi og vellíðunnnar hjá mörgum leikskólabörnum. Verður það mælt hvernig börnum líður í nýja fyrirkomulaginu? Að sama skapi, verður mælt hvort að þetta minnki álag og auki fagmennsku og faglegt frelsi hjá starfsfólki? Verður mælt hvort að þessi breyting hafi áhrif á fjölda einstaklinga sem sækjast í starfsstéttina og almenna starfsmannveltu á leikskólum?

Það vakna einnig spurningar um hvers vegna stýrihópurinn sem stóð að þessari skýrslu samanstóð af einungis leikskólastjórum og fulltrúum borgarinnar. Af hverju voru aðrar fagstéttir og hagsmunaaðilar ekki dregnar að borðinu til að vinna í skýrslunni (t.d. barnasálfræðingar, talmeinafræðingar, þroskaþjálfar, uppeldisfræðingar, fulltrúi frá félagi foreldra leikskólabarna)?

Við að sjálfsögðu áttum okkur á því að það er flókið að innleiða styttingu vinnuvikunnar, draga úr manneklu og álagi hjá starfsfólki leikskóla samhliða því að sinna þörfum leikskólabarna og er engin einföld lausn í sjónmáli. Vegna skorts á upplýsingum er þó óljóst hvort þessar breyttu áherslur muni ná tilsettum markmiðum, þ.e. minnka álag, draga úr skriffinnsku og auka fagmennsku og faglegt frelsi starfsfólks á leikskólum borgarinnar sem og hvort þessar breytingar muni draga úr mönnunarvanda en jafnframt sinna margvíslegu þörfum leikskólabarna. Við óskum eftir frekari upplýsingum til að svara fyrirspurn okkar og erum boðnar og búnar til að koma á fund ykkar til að ræða málin.

Virðingarfyllst,

Þórhildur Halldórsdóttir, barnasálfræðingur & lektor við sálfræðideild Háskólans í Reykjavík
thorhildurh@ru.is

Berglind Sveinbjörnsdóttir, atferlisfræðingur & lektor við sálfræðideild Háskólans í Reykjavík
berglindsv@ru.is

Hanna Steinunn Steingrímsdóttir, atferlisfræðingur & lektor við sálfræðideild Háskólans í Reykjavík
hannasteinunn@ru.is

Greinagerð leikskólans Hulduheima um „Umbætur og skipulag leikskólastarfs“

Fram kemur í skýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs að markmið Reykjavíkurborgar sé að bæta starfsumhverfi í leikskólum einnig í grunnskólum og frístundaheimilum. Í leikskólanum Hulduheimum er skipulag og starf leikskólans byggt á Aðalnámskrá leikskóla, Menntastefnu Reykjavíkurborgar, hugmyndafræði leikskólans, lögum og reglugerðum ásamt því að horft er til þess að leikurinn er meginnámsleið barnsins. Samkvæmt foreldrafélagi og ráði þá er það þeirra mat að reynt hefur á starfsfólk leikskólans síðastliðið ár, sem í framlínu sinni hélt uppi skólastarfi í heimsfaraldri. Þar kom fram að starfsfólk hefði þurft að aðlagast síbreytilegum aðstæðum og fékk starfsfólk leikskólans sérstakar þakkir frá foreldrafélaginu og ráði.

Í starfi okkar í Hulduheimum finnst okkur vera mikill kostur að starfsfólk sé komið í hús fyrir klukkan 8:30 þar sem nær öll börn leikskólans, 92 börn, eru að koma í hús á bilinu klukkan 7:30 – 8:30. Jafnframt finnst okkur skipta miklu máli og vera jákvætt að allt faglegt starf innan leikskólans geti hafist klukkan 9:00. Í upphafi leikskóladags barnsins þá hefst dagurinn með rólegum sjálfsprottum leik sem stendur þar til skipulagt faglegt starf hefst klukkan 9:00. Eftir klukkan 14:00 er lögð áhersla á sjálfsprottinn leik barna og útiveru. Ávallt er horft til grunnþarfa barna, öryggi þeirra, vellíðan og umhyggju ásamt einstaklingsbundna aðstoð ef til þarf.

Með því að stytta opnunartíma leikskólans til klukkan 16:30 þá er hægt að horfa til takmarkaða nýtingar á keyptum dvalartíma barna eftir klukkan 16:30. Ásamt því að ósk um vistun eftir klukkan 16:30 en nánast engin. Einnig er kostnaður við að hafa tvo starfsmenn ef opnunin er til 17:00 mikill og jafnframt hefur reynst erfitt að manna þá vakt.

Það er okkar mat að það gefur auga leið að með því að fá starfsfólk fyrr í hús þá verður skilvirknin meiri og auðveldar skipulag á faglegu leikskólastarfi. Við teljum að með styttri opnunartíma þá reynist betur að ramma leikskólastarfið inn í dagskipulagið þegar starfsfólk kemur á sama tíma og hættir á sama tíma miðað við að starfsfólk sé í 100% starfi.

Undirmönnun á tímabilinu 8:30 – 9:00 heyrir sögunni til þegar öll börn eru mætt í hús fyrir þann tíma. Yfirvegum og meiri ró verður yfir starfinu á morgnanna sem skilar sér í ánægðum börnum sem og starfsfólki.

Í umsögn frá foreldrafélagi og ráði leikskólans telja þau nauðsynlegt að bregðast við þeim tillögum um styttri opnunartíma leikskólans. Í þeirra umsögn kemur fram að flestir leikskólar eigi að loka klukkan 16:30 og að sett verði þak á hámarksvistunartíma barna. Þau nefndu að taka þyrfti tillit til þess að leikskólakennarar er kvennastétt sem fær ekki greitt í samræmi við sitt mikilvæga starfsframlag, sérþekkingu og oft langa skólagöngu.

Vert er að horfa til þess að bæði félag leikskólakennara og félag stjórnanda styðja tillöguna um stytta opnunartíma. Þar kemur meðal annars fram að það að stytta opnunartíma leikskóla sporni gegn langri viðveru barna í leikskólum. Faglegt starf í leikskólum styrkist ásamt því að dregur úr álagi bæði á börn og starfsfólk.

Samkvæmt leikskólastjóra þá hefur álag innan leikskólans minnkað og skipulag leikskólans orðið auðveldara. Allir starfsmenn eru komnir í hús klukkan 8:30 þannig að faglegt starf innan leikskólans getur því hafist fyrr á morgnanna og meiri ró myndast yfir starfinu sem skilar sér í yfirvegaðri börnum og starfsfólki. Allt starfsfólk leikskólans upplifir jákvæðni með opnunartíma til 16:30 og tala um það sín á milli að það séu fleiri hendur með börnin í upphaf dags og einnig í lok dagsins. Starfsfólk hefur ekki upplifað neikvæðni gagnvart breyttum opnunartíma leikskólans og finnst eins og samfélagið í heild sinni hafi aðlagast fljótt að breyttum aðstæðum.

Athyglisvert er að horfa til þess að fjögur af fimm fjölmennustu sveitarfélögum landsins, fyrir utan Reykjavík, hafa stigið það skref að stytta opnunartíma leikskólans og loka fyrr á daginn. Í umsögn foreldrafélags leikskólans og ráðs þá er það þeirra ósk að kanna þyrfti betur hvar þörfin er mest og hvar hún sé minnst fyrir lengri vistunartíma til að sjá hvaða hverfi innan borgarinnar megí helst við skertum vistunartíma og prufa skerðingar þar til að byrja með. Að byrja skerðinguna þar sem er þörf fyrir lengri vistunartíma er minnst.

Við í Hulduheimum styðjum þær tillögur heilshugar sem koma fram hjá stýrihópi um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Þar kemur fram að 1-2 leikskólar í hverju hverfi verði opnir til kl 17:00 til að koma til móts við þá sem þurfa vistun eftir kl 16:30, að dvalatími barna verði að hámarki 9 klukkustundir daglega og að börn geti haft mismunandi dvalartíma í allt að 42,5 klst í viku og að þeir leikskólar sem bjóða lengri opnunartíma fái fjárheimildir til að tryggja mönnun

allan opnunartímann. Það er framfaraskerf ef tillögur hópsins ná fram að ganga sem mun skila sér í ánægðari börnum. Foreldrar hafa aðlagast vel breyttum opnunartíma og teljum við að sveigjanlegri vinnutími margra foreldra hafi verið meginástæða þess. Stærsta sveitafélagið Reykjavík þarf að vera fyrirmynd annarra sveitafélaga og hefði átt að taka af skarið fyrst allra í að stytta opnunartíma leikskóla.

Ekki er hægt að neita því að betri rekstur leikskóla og minna álag á starfsfólk sé nægileg rök fyrir því að stytta opnunartíma leikskóla til 16:30 sér í lagi þegar leikskólar í nágretta sveitafélögum og sjálfstætt starfandi leikskólar er farnir að stytta opnunartíma og þar af leiðandi gætu heillað starfsmenn sem betri vinnukostur en þeir leikskólar sem hafa opið til klukkan 17:00.

Ef við horfum til ESB þá er sláandi að sjá að dvalartími barna er með lengsta móti hér á Íslandi sem vert er að horfa til.

Samkvæmt umsögn frá foreldrafélagi leikskólans og ráði er að augljós vöntun sé á fagmenntuðu leikskólastarfsfólki sem og starfsfólki yfir höfuð, og kemur til með að verða enn meiri ef ekkert verður að gert. Því lýsir foreldrafélag og ráð leikskólans yfir stuðningi við starfshópsins um „Umbætur og skipulag leikskólastarfs“ að bæta þurfi starfsumhverfi leikskólastarfsmanna sem gegni lykilhlutverki þegar kemur að því að gera starf í leikskóla eftirsóknaverðara.

Fyrir hönd Hulduheima

Elín Rós Hansdóttir leikskólastjóri

Inga Birna Sigurðardóttir aðstoðarleikskólastjóri

**Umbætur og skipulag leikskólastarfs - umsögn**

Bréf: Umsögn

Málsnúmer: SFS2019100023

Bréfalyklar: 6.5 Starfsáætlanir leikskóla

Eigandi skjals: Ásdís Baldursdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 11.06.2021

Dagsetning skjals: 11.06.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Helga Pálmadóttir" [REDACTED]

Skjalalykill	6.5 Starfsáætlanir leikskóla	Málsnúmer	SFS2019100023
Móttökudags.	11.06.2021	Skráð í GoPro	11.06.2021

Viðtakandi		Sendandi
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun
Starfsmaður		Nafn
		Kennitala:
Tegund skjals	Umsögn	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		
Eldri skjalalykill		
		Er flokkað eftir aldri ☐ Já ☒ Nei
		skjalalykli í skjalasafni.

Sent:

Sent til:

Notandi: "Helga Pálmadóttir" [REDACTED]

Dagsetning: 11.6.2021 15:23:22

Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>

Efni: Umbætur og skipulag leikskólastarfs - umsögn

Sæl og blessuð

Ég velti því fyrir mér hvort það væri ekki eðlilegra að námskrá leikskóla og menntastefna væri frá 9:00-14:30 en ekki 8:30-14:00. Er ég að hugsa um börn sem eiga foreldra sem byrja að vinna kl 9 eða 10 og koma seinna í leikskólann á morgnana.

Hversu margir starfsmenn þurfa að vera miða við fjölda barna þegar námskrá er ekki í gangi? Ætti ekki að vera aukinn kostnaður fyrir leikskólann ef hægt væri að rúlla vaktir 7:30-15:30, 8:00-16:00, 09:00-17:00 o.s.frv.

Hvað verður um börn sem eru núna í leikskóla með dvalartíma til kl 17. Verða þau bara færð yfir í þann leikskóla sem er með lengri opnunartíma?

Þó breytingarnar hafi persónulega ekki áhrif á mig þá grunar mig að þær séu streituvekjandi fyrir marga. Fátt verra en að vera í stresskasti að reyna að komast í gegnum umferðarþvögna á háannartíma

Bestu kveðjur

Helga Pálmadóttir, RN, MPH, MS

Aðstoðardeildarstjóri

Bráðamóttaka Landspítala Fossvogi

Netfang:

Sími:

Reykjavík 8. júní 2021

Umsögn frá námsleið í leikskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um tillögur stýrihóps varðandi umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík

Við fögnum úttekt á þeirri stöðu sem rekstur leikskóla Reykjavíkurborgar er í og eru margar áhugaverðar og gagnlegar lausnir settar fram. Margar snúa sérstaklega að skipulagi og rekstri leikskólanna. Að okkar mati er stærsti vandinn sem við er að etja skortur á leikskólakennurum sem blasir við og hefur gert í áratugi. Við fögnum því tillögum sem miða að því að fjölga leikskólakennurum og sérstaklega að að hugað er að áskorunum sem varða börnin og aðbúnað þeirra í leikskólum.

Stýrihópurinn leggur fram sex tillögur að umbótum og skipulagi leikskólastarfsins og mun umsögn okkar snúa að hverri og einni þeirra.

1. Dvalartími barna í leikskólum borgarinnar

Tillöguna teljum við góða sem og rökstuðning hennar. Þar er m.a. komið inn á hvernig breytingin muni bæta stöðugleika í starfinu. Einnig er jákvætt að sjá að í hverju hverfi borgarinnar eiga foreldrar að geta valið leikskóla fyrir börnin sín, sem opinn er lengur en ráðgert er um almennan opnunartíma leikskóla. Auk þess teljum við það jákvætt skref að bjóða upp á sveigjanleika í dvalartíma barna og mæta þannig ólíkum þörfum fjölskyldna. Upplifun barna á tíma er líklega ekki sú sama og hjá fullorðnum, en áhrif tímans á leikskólastarf og skipulag þess eru töluverð og mótar klukkan starfshætti og daglegt starf gjarnan að miklu leyti. Því er mikilvægt að dagskipulag leikskóla sé sveigjanlegt, ekki síður en dvalartími svo að börn fái tækifæri til að sökkva sér í leik, sem er þeirra helsta námsleið, óháð fyrirfram ákveðnum tímamörkum til leiks (Clark, 2020; Davies og fél. 2013; Sara Margrét Ólafsdóttir, 2013). Lagt er til að hámarks dvalartími verði 9 klst og er það í samræmi við reglugerð nr. 655/2009.

2. Skipulag dagsins

Í tillögunni kemur skýrt fram að börn á leikskólaaldri læra best í gegnum leik og að hlutverk leikskólakennara sé m.a. að skipuleggja leik- og námsumhverfi þeirra. Við tökum undir þá áherslu sem birtist í tillögunni að við skipulag daglegs starfs í leikskóla eigi að leggja áherslu á að nám barna fari fram í gegnum leik. Þessi sýn er í takt við það sem kemur fram í íslenskum stefnumótunarskjöllum eins og aðalnámskrá leikskóla (2011) og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Meginhugmyndir menntunarfræði ungra barna fela í sér að öll börn geti verið þátttakendur í leikskólastarfi á eigin forsendum. Nám mótast þannig af frumkvæði og áhuga

barnahópsins. Tillagan um að skipta leikskóladeginum brýtur í bága við þessa sýn á leikinn sem aðalnámsleið ungra barna. Auk þess eru aðstæður misjafnar á milli leikskóla og teljum við tillöguna geta falið í sér skref í átt að frekari miðstýringu. Réttara væri að standa vörð um faglegt sjálfstæði og skólamenningu hvers leikskóla fyrir sig.

Í aðalnámskrá leikskóla (2011) birtast áherslur sem byggja á þessari hefð um menntun ungra barna og m.a. komið inn á að uppeldi, umönnun og menntun myndi heild þannig að leikskóladagurinn verði heildstæður. Íslenskt leikskólastarf hefur hingað til fallið undir svokallað norrænt módel sem felur í sér sameiginlega norræna hugmyndafræði varðandi börn og bernsku þar sem áhersla er á gildi eins og lýðræði, jafnrétti, frelsi og sjálfstæði. Samkvæmt þessari norrænu hefð, ætti menntun ungra barna að byggja á heildstæðri sýn þar sem leikur, umhyggja, nám og þroski samtvinnast í eina heild. Þarna birtist barnvæn hugmyndafræði og litið er á bernskuna sem mikilvægt tímabil þar sem sjónarmið barna er virt (Wagner og Einarsdóttir, 2006; 2008). Tillagan brýtur því einnig í bága við áherslur norrænnar leikskólahefðar og aðalnámskrár um heildstætt nám sem nái yfir allan daginn.

Undanfarin ár hefur fjöldi rannsókna snúið að sjónarmiðum barna varðandi ýmsa þætti leikskólastarfsins. Við viljum í ljósi þessa minna á nokkrar rannsóknir sem hafa varpað ljósi á sýn barna og hversu gagnlegt það getur verið að taka þeirra sjónarmið gild sem hluta af umræðu um lausnir og breytingar í leikskólastarfi (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012; Clark, 2014; Hrönn Pálmadóttir, 2017; Jóhanna Einarsdóttir, 2014).

Í tillögunni er komið inn á að meginþungi faglegs starf fari fram innan ákveðins tímaramma, milli klukkan 8:30-14:00. Þá kemur fram að markmiðið með þessari breytingu sé að: „... mæta þeim rétti sem börn eiga, samkvæmt aðalnámskrá leikskóla og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, á námi við hæfi og útrás fyrir leikþörf sína í félagslegu samhengi við önnur börn, undir handleiðslu fagfólks.“ Við teljum að endurskoða þurfi þetta markmið út frá nokkrum þáttum, fyrir utan þá sem hafa verið nefndir hér fyrir ofan:

Í fyrsta lagi, er eitt af hlutverkum leikskólakennara að skipuleggja faglegt starf í takt við áherslur um nám í gegnum leik og réttindi barna. Í því felst m.a. að skipuleggja hvernig starfið fer fram, hvernig megi styðja við nám barna í leik, hvaða efnivið er boðið upp á og hvernig hann er gerður aðgengilegur börnunum. Þar sem ekki eru leikskólakennarar í öllum stöðum innan deildar, þarf leikskólakennari að leiðbeina ófagmenntuðu starfsfólki út frá fagþekkingu sinni. Þegar byggt er á námi í gegnum leik þarf að gæta jafnvægis milli þess að hann fari fram á forsendum barna með mismunandi stuðningi frá fullorðnum (Wood, 2013).

Í öðru lagi, er mikilvægt að velta fyrir sér hvaða vandamál þessi tillaga gæti leyst, þegar reiknað er með að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara samkvæmt lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019. Á það við um allan þann tíma sem leikskólinn er opinn.

Í þriðja lagi, bendum við á að lögð er áhersla á leik sem helstu námsleið barna allan daginn (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Við bendum á að mikilvægt er að aðgreina ekki leik og faglegt starf eins og er gert í tillögunni. Fjöldi rannsókna benda til þess að aðkoma fullorðinna í frjálsum, sjálfsprottnum leik barna sé gagnleg bæði fyrir börnin og fyrir þróun faglegs starfs í leikskólanum (Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2015; Ingibjörg Ósk

Sigurðardóttir, 2012; Kristín Karlsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2020; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017). Þetta á ekki síst við þegar samsetning barnahópa í leikskólum hefur breyst umtalsvert hvað varðar menningar- og tungumálabakgrunn þeirra (Hanna Ragnarsdóttir og fl. 2016; Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020). Við viljum því minna á að í skipulagi starfsins sé gert ráð fyrir aðkomu fullorðinna í leik barna, hvort sem er fyrri hluta eða síðari hluta dags.

Í fjórða lagi, viljum við minna á að einn þeirra þátta sem skapa gæði í leikskólastarfi snúa að samskiptum og samstarfi við fjölskyldur/forráðamanna barna (Jóhanna Einarsdóttir, 2020; Vandenbroeck, 2019). Því þarf að huga að og auðvelda foreldrum/forráðamönnum aðgengi að leikskólakennurum.

Í fimmta lagi er bent á rétt barna til að sækja leikskóla sem er þeirra félagslegi vettvangur að því leyti að þar myndast sambönd, þar eru gildi, réttindi og menning mótuð, þar eru borgaraleg réttindi og umræða iðkuð og þar geta börn verið sýnileg og vænst þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013; Moss og Petrie, 2002). Þar þurfa vel menntaðir leikskólakennarar að hlusta. Því er mikilvægt að leikskólastarf byggji á virkri þátttöku barna, þar sem þau geta komið hugmyndum sínum á framfæri og lært í gegnum leik bæði með jafningjum sínum og fullorðnum.

Til að draga saman, þá mælum við eindregið á móti þessari tillögu því hún samræmist ekki áherslum sem birtast í norrænni leikskólahefð né í stefnumótunarskjölum um leikskólastarf hérlendis. Slíkt skipulag sem lagt er til, myndi draga úr gæðum menntunar yngstu barnanna og er menntun starfsfólks einn mikilvægasti þátturinn í því samhengi. Það er því ekki síður mikilvægt að með börnunum starfi leikskólakennarar, allan daginn. Við teljum að skipulagið sem lagt er til myndi ýta undir bóknámsrek (Jón Torfi Jónasson, 2006) og grunnskólavæðingu sem leiðir af sér að námið í leikskólum verði of formlegt með stífu skipulagi, meiri kennarastýringu, minni sveigjanleika og frelsi, en slíkt hentar ekki námi ungra barna (Sara M. Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016) og dregur úr réttindum þeirra enda hefur verið varað við slíkri þróun síðustu áratugi.

3. Úthlutunarlíkan

Varðandi þessa tillögu er vert að vísa til reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Þar kemur fram að leikskólastjóri, að höfðu samráði við rekstraraðila og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólastarfs skal að jafnaði taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu. Að teknu tilliti til þessa teljum við að valdefla megi leikskólastjóra til að halda áfram að taka ákvarðanir fyrir hvern skóla, í samráði við sveitafélagið, en að setja megi töluleg leiðbeinandi viðmið til að gæta jafnræðis milli leikskóla.

4. Uppbygging gjaldskrár

Hér er ekki beinlínis um tillögu að ræða. Við teljum þó mikilvægt að minna á að ávallt skal hafa jöfnuð í huga varðandi ákvarðanir um gjaldskrá, þannig að öll börn hafi sama aðgengi að leikskólamenntun, óháð félagslegri stöðu.

5. Framtíðarsýn um stærð barnahópa og leik-og heildarrými á hvert barn

Hér teljum við mikilvægt að vísa aftur til reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, þar sem ábyrgð stjórnenda kemur skýrt fram. Í reglugerðinni segir enn fremur að til að ná markmiðum laga um leikskóla og aðalnámskrár skal þess gætt að nægilegt rými sé fyrir hvert barn á hverri deild þar sem meginhluti umönnunar, náms og uppeldis fer fram. Huga ber sérstaklega að því að börn með sérþarfir geti eftir atvikum þurft aukið rými svo sem vegna nauðsynlegra stoðtækja. Ákvarðanir varðandi stærð barnahópa og leik-og heildarrýma í hverjum leikskóla, ætti því að vera í höndum stjórnenda og starfsfólks leikskóla, í takt við aðstæður hvers skóla og í samráði við sveitarfélagið. Stærð barnahópa hefur töluverð áhrif á hversu árangursrík leikskóladvöl þeirra er og hefur áhrif á mönnun leikskóla, stjórnun þeirra og ekki síst gæði starfsins. Fámennir barnahópar tryggja að hvert barn fái nægilega athygli sem er mikilvægt fyrir félags- og tilfinningaþroska ungra barna, líkamlega vellíðan og alhliða nám þeirra. Náin samskipti kennara og barns hjálpa börnum að öðlast öryggi og dregur úr kvíða bæði barna og kennara (European Commission/EACEA/Eurydice, 2019).

6. Aðgerðir til að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarvanda

Við tökum undir það sem komið er inn á í tillögunni, að mikilvægt sé að halda áfram með átaksverkefni sem hafa verið í gangi síðustu ár varðandi fjölgun leikskólakennara og styðja við þau. Einnig tökum við undir mikilvægi þess að lyfta upp fagþekkingu leikskólakennara og nýta hana til að kynna starfið fyrir ófaglærðu fólki og um leið vekja áhuga þess á leikskólakennaramenntuninni. Mikilvægt er að draga fram fagþekkingu þeirra sem hafa lokið B.Ed námi í leikskólafræði, eins og kemur fram í tillögunni, en jafnframt teljum við mikilvægt að leggja áherslu á stuðning við? fólk í áframhaldandi námi á meistarastigi, sem veitir rétt til leyfisbréfs. Til að koma til móts við nemendur í meistaranámi hefur verið farin svokölluð MT (Master of Teaching) leið þar sem hægt er að taka 30e í námskeiðum í stað þess að skrifa M.Ed. ritgerð. Við viljum einnig benda á mikilvægi þess að halda áfram samstarfi vettvangs og háskóla, í þróun leikskólastarfsins, svo að þörfum allra hagsmunaaðila sé mætt. Ein af megin áherslunum borgarinnar í þessu samhengi, ætti að snúa að tækifærum starfsfólks til að stunda nám samhliða starfi í leikskóla. Niðurstöður rannsóknar Amalíu Björnsdóttur og Þuríðar Jónu Jóhannsdóttur (2020) sýna að yfir 90% nemenda í leikskólakennaranámi starfa allt 100% starf í leikskóla meðfram náminu og sinna því utan vinnutíma. Það verður til þess að mikil streita og álag er á nemendum, þeir eru lengi að klára námið og nokkuð mikið er um brottfall.

Umsögnina unnu:

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, lektor og umsjónamaður námsleiða í leikskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúntk við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Arna H. Jónsdóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Björn Rúnar Egilsson, aðjúntk og doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Hrönn Pálmadóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Kristín Karlsdóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Sara Margrét Ólafsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Umsögn frá starfsmönnum Rofaborgar um tillögur um umbætur og skipulag leikskólastarfs.

1. Dvalartími barna í leikskólum borgarinnar.

- Það að hafa opnunartíma til kl. 16:30 þýðir að allir starfsmenn séu mættir í hús kl. 08:30. Við það skapast svigrúm til að hafa fulla mönnun á þeim tíma sem flest börn eru í leikskólanum. Það gefur tækifæri til aukinnar menntunar barna sem og meira öryggis. Skv. fyrri reynslu er tíminn milli kl 16:30-17:00 ekki vel nýttur. Þeir foreldrar sem voru með þann tíma hjá okkur voru meira með hann til „öryggis“ frekar en af nauðsyn. Áhyggjur hafa verið uppi um að stytting opnunartímans hafi hamlandi áhrif á ákveðna hópa, s.s. einstæða foreldrar (mæður) og fólk af erlendum uppruna. Okkar upplifun hefur verið sú að þessir hópar voru ekki að nýta sér vistunartíma til kl. 17:00, heldur miklu frekar tímann frá 07:30- 08:00.
- Eins og skýrslur sýna er vinnudagur íslenskra leikskólabarna fram úr hófi langur og löngu kominn tími til að breyta því. Í því ljósi þarf að stuðla að viðhorfsbreytingu hjá bæði foreldrum og atvinnulífi. Þó leikskólastigið veiti góða menntun og umönnun þá er engu barni holt að eyða þar upp undir 45 klst á viku. Börn þurfa að vera í samvistum með fjölskyldu sinni í mun meiri hluta vökutíma síns en nú viðgengst. Eftir því sem stytting vinnuvikunnar verður almennari í þjóðfélaginu er nauðsynlegt að stuðla að því að vinnuvika leikskólabarna styttest líka. Með því að gera vistunartímann sveigjanlegan er stigið stórt skref í þá átt.

2. Skipulag dagsins

- Allnokkrir leikskólar hafa undanfarin 3-4 ár unnið með það skipulag að viðvera deildarstjóra á deild sé frá kl. 8-14. Eftir það taka svo við undirbúningstímar til kl. 16 þar sem fram fer allur undirbúningur og önnur umsýsla vegna deildarinnar s.s. fundir og foreldraviðtöl. Þetta hefur skilað sér í þéttara og markvissara deildarstarfi og í leiðinni meiri fagmennsku og gæðum í starfi með börnunum. Mikil ánægja er með þetta fyrirkomulag. Þá má einnig geta þess að þetta fyrirkomulag rímar vel við styttingu vinnuvikunnar í samhengi við starfsmannafjölda seinni hluta dags og eins ef horft er til fyrirhugaðs sveigjanlegs vistunartíma barnanna.

3. Úthlutunarlíkan

- Það þarf að bæta inn í úthlutunarlíkanið fjármagni til að brúa 30 daga sumarleyfi allra starfsmanna. Einnig að bæta í úthlutun sem fellur undir starfsmannakostnað.

4. Uppbygging gjaldskrár

- Engar tillögur að svo stöddu.

5. Framtíðarsýn um stærð barnahópa og leik- og heildarrými á hvert barn

- Mjög mikilvægt er að horfa á þennan þátt í starfsumhverfi leikskólanna. Það er vert að lofa þá barnafækkun sem þegar hefur átt sér stað í leikskólum Reykjavíkur en betur má ef

duga skal. Mörg hegðunarvandamál og ýmsan annan vanda barna má rekja til þess að of mörg börn eru í of litlu rými í of langan tíma. Börn hafa þá náttúru að vilja láta heyra í sér og ef hljóðstyrkurinn í kringum þau eykst þá hækka þau í sér. Þeim líður samt ekkert vel í miklum hávaða og leiðir langvarandi hávaði til þirrings sem oftast en ekki leiðir til deilna og annarra hegðunarvandamála. Það hefur margsinnis sýnt sig að þegar börnum fækkar og rými eykst, þá ríkir meiri vinnufriður og hegðunarvandamál snar minnka. Þetta sýndi sig þegar börnum var fækkað í Covid-19, þetta sýnir sig þegar gripið er til faliðunaráætlunar og þetta sýnir sig þegar um mikil veikindi er að ræða.

Það fer bæði mikill tími og miklir fjármunir í að greina orsakir hegðunarvandamála og finna úrlausnir við hæfi. En staðreyndin er að allt of oft er umhverfi barnsins um að kenna en ekki líffræðilegum annmörkum þess. Vissulega kostar það peninga að reikna meira rými á hvert barn en á móti sparast dýr úrræði vegna vanlíðan og hegðunarvanda, sem er í raun í mörgum tilfellum afleiðing umhverfisins.

Þá má einnig geta þess að málþroski barna fer versnandi og er talið að ein af orsökum þess sé að hávaðinn og áreitið sé einfaldlega svo mikið að börn nái ekki að læra tungumálið.

6. Aðgerðir til að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarvanda.

- Halda áfram að styrkja nemendur sem eru í leikskólakennaranámi. Eftir því sem starfsumhverfið er meira aðlagandi má búast við að aðsókn í námið aukist. Þess vegna er brýnt að ofangreindar tillögur verði samþykktar til að gera starf í leikskóla aðlagandi.

Með vinsemd og virðingu með ósk um að tillögurnar verði samþykktar.
Starfsmannahópur Rofaborgar.

Umsögn um skýrsluna “Tillögur stýrihóps maí 2021: Umbætur og skipulag leikskólastarfs”

Stjórn Samleik-R mótmælir harðlega fyrirhugaðri styttingu á opnunartíma leikskóla í Reykjavík og skerðingu á leyfilegum hámarksdvalartíma barna niður í 42,5 klst á viku. Þessi breyting mun hafa neikvæð áhrif á atvinnuþátttöku kvenna, auka álag á fjölskyldur og draga úr sveigjanleika sem er svo nauðsynlegur fyrir fjölskyldur.

Almennar athugasemdir við skýrsluna

- Í skýrslunni segir: “Markmið hópsins hefur verið að skoða leiðir til að auka fagmennsku í leikskólum, draga úr álagi á börn og starfsfólk og tryggja gæði leikskólastarfs með þarfir barna í huga.”
 - Markmið starfshópsins og skýrslunnar eru jákvæð en það er hins vegar alls ekki alltaf ljóst hvernig þær tillögur sem lagðar eru fram í skýrslunni muni tryggja þessi markmið. Það vantar gögn til þess að styðja við fullyrðingar um að þessar tillögur muni draga úr álagi á börn og tryggja gæði leikskólastarfsins.
- “Hópurinn telur mikilvægt að stytta dvöl barna í leikskólanum samhliða því sem vinnuvikan styttest í atvinnulífinu.”
 - Í allri umræðu um styttingu vinnuvikunar og þeirra áhrifa sem hún á að hafa á dvöl barna á leikskólum er mikilvægt að halda því til haga að stytting vinnuvikunar er mjög nýtilkomin. Styttingin er mjög misjöfn milli hins opinbera og almenna vinnumarkaðar í lengd og útfærslu. Fyrir sjálfstætt starfandi (s.s. hárgreiðslufólk, sjúkráþjálfara og svo framvegis) er engin stytting nema með beinni kjararárðun og vegna eðlis starfa þá er stytting í sumum tilfellum útfærð með lengra sumarfríi eða á óreglulegan hátt sem nýtist foreldrum/forráðafólki ekki til þess að stytta reglulegan dvalartíma barna á leikskóla.
 - Þess má geta að fyrirtæki á almennum markaði hafa útfært styttingu vinnuvikunnar þvert á stéttarfélög á mismunandi hátt, eru t.d. með 9 mín styttingu á dag eða 4 tíma á mánuði. Hjá t.d. VR er samið um að taka styttinguna sem aukafrí. Einnig skal þess getið að sum starfsheiti hafa ekki fengið neina styttingu.
 - Síðan þarf líka að taka mið af því að þó að styttingin sé komin geta ekki allir tekið hana eins og samið hefur verið um vegna anna og álags í starfi. Þar af leiðandi er

mjög alvarlegt að skýrsluhöfundar geri samasemmerki á milli styttingar í opinbera geiranum og styttingar viðveru á leikskóla. Það má líka benda á að sumir gætu hugsað sér að nota styttinguna til að sinna sjálfum sér t.d. fara í klippingu, sjúkrapjálfun og versla. Með styttingunni eiga svona skrepp ekki lengur að gerast á vinnutíma. Það er ekki sjálfgefið að allir geti sótt börnin fyrr á leikskóla vegna styttingarinnar.

- Það er fullkomlega óraunhæft að halda að bein lína sé milli styttingar vinnuvikunnar og styttri dvalar barna á leikskólum enda á að treysta foreldrum til þess að útfæra daglegt líf sinnar fjölskyldu á hátt sem hentar best. Það er ekki leikskólans að ákveða þetta fyrir foreldra. Það má ekki vera þannig að sá sem veitir þjónustuna tekur valdið af þjónustuþegum..
- Ljóst er af jafnréttismati að styttri opnunartími leikskóla og stytur hámarks dvalartími barna á leikskólum Reykjavíkurborgar mun hafa meiri neikvæð áhrif á konur en karla. Vandséð er hvernig þessi skerðing á leikskólaþjónustu í Reykjavík samræmist markmiðum meirihlutans í jafnréttismálum.
- Hvergi í skýrslunni er vísað í heimildir um rannsóknir á líðan barna í leikskólum, hvaða áhrif breytingar á dagskipulagi, hvaða áhrif lengd dvalar á leikskóla á hverjum degi hefur á börn. Ýmsum fullyrðingum um þessi efni er kastað fram en þær eru ekki studdar neinum gögnum. Þetta er mjög ámælisvert. Allar umfangsmiklar breytingar á leikskólastarfi og þjónustu leikskóla þurfa að byggjast á gagnreyndum aðferðum og gögnum.
- Hópurinn sem kom að gerð skýrslunnar bæði beint og óbeint er mjög einhæfur. Eina fagfólkið á sviði þroska leikskólabarna sem kom að gerð hennar eru starfandi leikskólastjórar og leikskólakennarar. Innan þess hóps er vissulega mikil þekking á starfsemi leikskóla og þroska barna á leikskólaaldri en tilfinnanlega vantar aðkomu fleiri fagstétta með sérþekkingu á börnum á þessum aldri svo sem þroskajálfa, barnasálfræðinga og aðila sem vinna að rannsóknum á leikskólastiginu (sem þó er sérstaklega minnst á í erindisbréfi hópsins að eigi að koma að vinnunni en virðast ekki hafa gert það).
- Almennt finnst er mikilvægt í svona skýrslu að hugað sé að því að orðalag sé mjög nákvæmt og skýrt og ekki óþarflega gildishlaðið. Því miður þá er stundum í þessari skýrslu bara frekar neikvætt gildishlaðið orðalag í garð foreldra. Foreldrum er ekki treyst til þess að skipuleggja sitt daglega líf á þann hátt sem hentar hverri fjölskyldu best. Þetta lýsir neikvæðu viðhorfi til foreldra og fjölskyldna sem er áhyggjuefni.

1. Dvalartími barna í leikskólum borgarinnar - Skerðing á opnunartíma leikskóla

Stjórn Samleiks-R mótmælir fyrirhugaðri styttingu opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar. Út frá jafnréttisúttektinni er ljóst að mjög margar fjölskyldur meta það sem svo að þær þurfi þá þjónustu að börnin geti verið á leikskóla til kl. 17. Foreldrar þurfa smá sveigjanleika af alls konar ástæðum.

Skert þjónusta leikskóla eykur ekki endilega gæða samverustundir foreldra og barna og getur þvert á móti aukið álag og streitu í daglegu lífi. Stytttri opnunartími leikskóla (nema 1-2 í hverju hverfi) mun líklega leiða til meiri aksturs í beinni mótsögn við stefnu borgarinnar um aukna áherslu á vistvænar og virkar samgöngur og sjálfbær hverfi.

Það að leyfa einungis heildar vistun hvers barns upp á 42,5 klst á viku fyrir börn er líka mikil skerðing á þjónustu sem hætt er við að komi illa við margar fjölskyldur. Ekki er vísað í neinar rannsóknir sem styðja við það að þessi breyting muni vera til bóta fyrir börn. Ekki er fjallað um hvernig þessi þjónustuskerðing mun nýtast leikskólanum til þess að skipuleggja mönnun betur enda er þetta óútfært í skýrslunni. Stjórn Samleik-R leggst alfarið gegn þessari breytingu.

Nokkrar athugasemdir við framsetningu gagna varðandi dvalartíma og áhrif skerts opnunartíma á fjölskyldur

Bls. 11: „Foreldrum sem sækja um dvöl fyrir börn sín eftir kl. 16:30 hefur fækkað frá nóvember 2019.“

- Þessi fækkun er ómarktæk út af styttnum opnunartíma leikskólanna tengdu covid. Mikið eðlilegra væri að miða við tímabil áður en opnunartími leikskólanna var skertur vegna covid.

Á bls. 6 segir: “Hópurinn telur jafnframt, í ljósi takmarkaðrar nýtingar á keyptum dvalartíma barna eftir kl. 16:30 á daginn”

- Hér má benda á að það sem fram kemur á bls 21: „Á þeim tíma sem jafnréttismatið fór fram hafði stytting opnunartíma leikskóla um 30 mínútur frá kl. 16:30 – 17:00 áhrif á um 900 börn sem voru þá um 17% af öllum þeim börnum sem dvöldu í leikskólum Reykjavíkurborgar.“ 900 börn og fjölskyldur sem þurfa þessa þjónustu er ekki lítið. Þessi dvalartími var nýttur innan vikunnar í 42% tilvika skv bls. 21. Það er ekki takmörkuð nýting heldur sýnir að þetta er mikilvæg þjónusta fyrir fjölda fjölskyldna.

Á bls. 7 segir: “Um tveggja ára tilraunaverkefni verði að ræða og verður árangur og reynsla af starfinu metin á áföngum á tímabilinu. Mælikvarðar og markmið skulu skilgreind nánar í upphafi verkefnis og mun mat á árangri taka tillit til barna, starfsmanna, stjórnenda, foreldra, þróunar á dvalartíma barna og lykiltölum í rekstri.”

- Eðlilegra hefði verið að mælikvarðar og markmið hefðu nú þegar verið skilgreind og útfært hvernig á að fylgjast með áhrifum þessara umfangsmiklu breytinga. Þetta er stórt verkefni og ekki hægt að kasta höndunum til þess.

Á bls. 11 er fjallað um þá tillögu nefndarinnar að dvalartími barna fari ekki yfir 42,5 stundir á viku. Þetta er mikil breyting og mjög óljóst hvaða áhrif hún mun hafa á fjölskyldur. Útfærslan á henni er líka mjög óljós.

Í skýrslunni er víða ýjað að því að með því að stytta opnunartíma leikskóla til 16.30 muni meðal dvalartími barna á leikskólum styttnast (og gefið í skyn að það hljóti að vera jákvætt en ekki vísað í neinar rannsóknir því til stuðnings). Ef gögnin eru skoðuð hefur raunin þó verið önnur á þeim

tíma sem opnunartími leikskóla var skertur vegna covid. Flestar fjölskyldur færðu dvalartíma barnanna bara fram um þennan hálf tíma og dvalarsamningar styttnust ekki.

- Þessi breyting leiðir ekki endilega til styttri vistunar heldur bara breyttar tímasetningar á vistun barna á leikskóla.

Bls 22: „Í umfjöllun um umönnunarbyrði kynjanna er dregið fram að konur bera meiri ábyrgð í ólaunuðum umönnunarstörfum á heimilinu en karlar og taka á sig meiri ábyrgð ef utanaðkomandi þjónusta er skert.“

- Þetta er það sem skiptir máli, það eru konur sem díla við þetta á flestum heimilum. Álag á konur mun aukast í kjölfar þessara breytinga og þáttaka þeirra á vinnumarkaði verða meiri takmörkunum háð. Við erum bara ekki komin á þann stað í jafnréttisbaráttunni að geta gert þessar breytingar sem lagðar eru til í þessari skýrslu.

Bls. 23 „Rekstrarlíkan borgarinnar gerir ekki ráð fyrir yfirvinnu vegna langs opnunartíma sem flækir skipulag starfs og veldur auknu álagi á stjórnendur og starfsfólk. „

- Vandamálið er ekki opnunartíminn heldur að fjármögnun leikskólanna hefur ekki verið í samræmi við hann. Það þarf að borga yfirvinnu á hverjum degi til að opna og loka, það er eðlilegt.

Bls.23:“ Á síðustu árum hefur dvalartími barna lengst ár frá ári og er nú orðinn þannig að nánast öll börn dvelja lengur en átta stundir daglega (Reykjavíkurborg, 2019).“

- Hvaða gögn er verið að vísa í hér?
- Bls. 24: „Í nóvember 2019 var meðaltal keyptra dvalarstunda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar 41,4 klukkustundir á viku.“

Bls.25 66 börn voru með 9,5 klst. dvalarsamning í febrúar 2019 af þeim um 5348 börnum sem eru á leikskólum borgarinnar.

- Það eru örfá börn (1,2% allra barna á leikskólum Reykjavíkurborgar) eru með svo langan dvalarsamning. Samt er þessir löngu dvalarsamningar grýlan sem stanslaust er verið að nota á foreldra að þau nenni ekki og vilji ekki vera með börnunum sínum. Ekki eru sett fram nein gögn um hvort þetta séu sömu börnin sem ár eftir ár eru með svo langan dvalarsamning á leikskólum borgarinnar eða hvort að í einhverjum tilfellum sé um tímabundið ástand að ræða vegna veikinda foreldra, anna í vinnu eða námi eða tímabundinnar fjarveru annars foreldris og svo framvegis. Við vitum ekki af hverju þessi börn eru með svo langa dvalarsamninga eða hversu vel þeir eru nýttir. Hér skortir áþreifanlega rannsóknir á þessum tiltekna hópi og hvort hugsanlega þurfi einhver önnur úrræði til að koma til móts við þessar fjölskyldur.

Athugasemdir við mótvægistillögur við styttnu opnunartíma

- Jákvætt er að gefa á langan aðlögunartíma að breytingunni en tryggja þarf að hann verði raunverulegur. Fyrir covid var hætt að vera opið til kl. 16.30 á fjölmörgum leikskólum. Verða allir leikskólar í Reykjavík aftur opnir til kl. 17 nú þegar sér fyrir endan á covid?
- Jákvætt að það eigi að bjóða upp á 1-2 leikskóla í hverju hverfi sem hafa opið til 17

- Neikvætt: Þessi breyting mun leiða til aukins aksturs ef það er bara 1-2 leikskólar sem bjóða upp á lengri vistun í hverju hverfi og gera fólki sem er ekki á bíl erfitt um vik. Það eru mikil lífsgæði að geta labbað í og úr leikskóla með barn og þetta er ekki samræmi við aukna áherslu á vistvænar samgöngur í borginni og sjálfbær hverfi.
- Neikvætt: Vinnutími fólks getur breyst með litlum fyrirvara þegar skipt er um starf eða breytingar gerðar á vinnustað sem foreldri getur ekki stjórnað á þá að færa barnið um leikskóla?
- Neikvætt: Hvernig verður biðlistinn á þessum leikskólum sem eru opnir lengur? Verða börn í forgangi sem þurfa þennan lengri opnunartíma?
- Neikvætt: Það er ekki rætt um þau áhrif sem það gæti haft á barn að vera flutt á milli leikskóla. Það að vera færður á milli leikskóla getur valdið barni kvíða og vanlíðan. Þau missa vini sem þau hafa eignast og eru tekin úr umhverfi sem þau eru orðin vön. Þetta gæti valdið því að barnið eigi erfiðara með að mynda nán tengs og treysta á umhverfið sitt.

Jákvætt er lagt er til að greiða eigi fyrir yfirvinnu sem þegar er unnin til að opna og loka leikskólum á hverjum degi sem og yfirvinnu

Samanburður á vistunartíma við önnur lönd

Mikilvægt að bera saman epli og epli þegar talað er um raundvalartíma og nota tölfræðina rétt. Á bls 12 segir: “Fram kemur að dvalartími barna á Íslandi er með lengsta móti.”

- Vísað er í tölfræði um lengd dvalarsamninga barna í leikskólum frá Hagstofunni en ekki teknar fram mikilvægar upplýsingar um hvernig sú tölfræði er unnin. Helmingur barna með dvalarsamninga upp á 8,5 klst á dag er námundað niður í 8 klst og helmingur upp í 9 tíma í tölfræði Hagstofunnar. Mikilvægt er líka að taka fram að tölurnar hjá Hagstofunni eru um dvalarsamninga en eru ekki raundvalartími barna á leikskólum. Það er raunvistunartíminn sem skiptir mestu máli ekki hvað foreldrar sækja um langan vistunartíma. Þetta kemur ekki fram í skýrslunni og það er mjög misvísandi.
- Rétt er að 68% barna eru með vistunartíma 8 klst og 26% með vistunartíma 9 klst.
- Eurydice byggist á gögnum frá öllum EU löndum en flest þeirra hafa ekki sambærilega samfélagsgerð og Ísland. Í mörgum Evrópulöndum (t.d. Hollandi, Bretlandi og víðar) eru bara dýrir einkareknir leikskólar með litla þjónustu, hátt hlutfall heimavinnandi kvenna, mikið af au pair og mun lægri atvinnupátttaka kvenna, þetta eru ekki sambærileg gögn við Ísland. Mikið eðlilegri, fróðlegri og marktækari samanburður væri að skoða dvalarsamninga raunvistunartíma leikskólabarna á Norðurlöndum þar sem samfélagsgerð og uppbygging leikskólakerfisins er mikið sambærilegri því sem gerist á Íslandi.

2. Skipulag dagsins

Úr skýrslunni: “Fyrir klukkan 8:30 og eftir kl. 14:00 verði óformlegra skipulag, sem einkennist af frjálsum, sjálfsprottnum leik með áherslu á grunnþarfir barna, öryggi, umhyggju, vellíðan og einstaklingsbundna aðstoð eftir atvikum.”

- Samkvæmt erindisbréfi átti hópurinn að skoða tilraunaverkefni tengd breyttu dagsskipulagi en ekkert kemur fram um það í skýrslunni. Hér hefði verið mjög gagnlegt að hafa einhver gögn til að skilja hvaða áhrif þessi breyting getur haft á börnin.
- Þessi kafli skýrslunnar er styttri en tvær blaðsíður en í tillögum hópsins felst töluverð breyting dagskipulagi leikskóla. Í skýrslunni er því haldið á lofti að þetta muni vera jákvætt fyrir börn en engar rannsóknir eru lagðar þar til grundvallar. Mikilvægt er að allar breytingar á skipulagi leikskóla sem hafa mikil og bein áhrif á börn séu studdar gagnreyndum rannsóknum og/eða vera fylgt eftir með rannsóknum fyrir og eftir breytingar. Ekki er vísað í eina einustu fræðilega heimild til stuðnings þeim fullyrðingum sem settar eru fram hér og það er mjög ámælisvert.

3. Úthlutunarlíkan leikskóla

Stjórn Samleik-R tekur undir mikilvægi þess að leikskólar Reykjavíkurborgar fái nægt fé til að standa undir sínu hlutverki sem mennta- og þjónustustofnanir. Úthlutunarlíkan verður alltaf að taka tillit til þess starfs sem raunverulega á sér stað innan leikskólans og á hvaða tímum það fer fram. Mikil framför að tekið verður að greiða fyrir yfirvinnu vegna opunar og lokunar leikskóla hverjum degi enda er það vinna sem sannarlega er nauðsynleg.

6. Aðgerðir til að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarvanda leikskóla

Stjórn Samleik-R er sammála því að brýnt er að taka á mönnunarvanda í leikskólakerfi Reykjavíkurborgar. Tillögur um nýliðafræðslu eru jákvæðar og í ljósi þeirrar miklu fjölgunar leikskólaplássa sem fyrirhuguð er í borginni á næstu ca 18 mánuðum. Komið hefur fram að ráða þurfi í um 100 stöðugildi bara vegna þriggja tímabundinna leikskóla sem opna eiga haustið 2021. Þar við bætist fjöldi stöðugilda í ungubarnaleikskóla í Bríetartúni (opnun nóv 2021), nýjum leikskóla í Safamýri 5 (opnun vor 2022) og á Kirkjusandi, Miðborgarleikskólans, stækkun Brákaborgar og svo framvegis út næsta ár mætti ef til vill ganga enn lengra og taka upp launuð námskeið í 3-6 mánuði fyrir fólk sem skuldbindur sig til þess að koma til starfa á leikskólum borgarinnar sem hægt væri að meta til leikskólaliðanáms eða leikskólakennaranáms á háskólastigi eftir atvikum.

Gerðar hafa verið nokkrar ágætar rannsóknir á því af hverju fólk með leikskólakennaramenntun sækir í störf utan leikskólakerfins og hér hefði mátt vísa í þær. Það er bara alls ekki ljóst að þær aðgerðir sem starfshópurinn leggur til muni takast á við nýliðunarvanda leikskólanna.

Reykjavík, 8. júní 2021

Stjórnar Samleik-R

Umsögn um umbætur og skipulag leikskólastarfs

Foreldri í skólaráði Dalskóla, leikskólahluta.

Liður 1: Dvalartími barna í leikskólum borgarinnar

Að opnunartími leikskóla verði 07:30-16:30 er jákvætt skref fyrir leikskólabörn til að stuðla að styttri viðverutíma barna og jafnframt fyrir stjórnendur og starfsfólk leikskólanna. Stytttri opnunartími er líklegri til að draga úr álagi stjórnenda við að manna alla leikskóla til 17:00. Með þessu móti er hægt að þjappa betur saman vinnutíma fagfólkisins innan þess ramma sem lagt er til í lið 2, skipulag dagsins.

Áskorun sem gæti orðið þegar 1-2 leikskólar í hverju hverfi eru opnir til kl 17:00 er að þeir muni eiga í frekari mönnunarvanda en þeir leikskólar sem eru einungis með opið til kl 16:30. Tillögur starfshópsins um að greidd verði yfirvinna til þeirra starfsmanna sem eru í vinnu milli 16:30-17:00 eru nauðsynlegar að mínu mati.

Að fjármagn sé tryggt til að mæta þeim undirbúning sem kemur til vegna opnunar og frágangs leikskóla er jákvætt skref enda á starfsfólk leikskóla ekki að þurfa "gefa" vinnuna sína. Ef það fær greitt fyrir að mæta kl 7:20 eða vera til 16:40 / 17:10 þá skapast annars konar andrúmsloft þegar börn koma í leikskólann á morgnanna og þegar þau eru sótt þar sem starfsmaður er með fulla athygli á börnunum frá því þau mæta í leikskólann og þangað til þau fara heim en ekki að sinna frágangi og börnin eru þar af leiðandi líklegri til að upplifa sig í "biðtíma".

Mín skoðun er sú að ef allir leikskólar eiga að vera opnir aftur frá 7:30-17:00 komandi starfsár, 2021-2022 þarf að tryggja aukið fjármagn og yfirvinnugreiðslur fyrir starfsfólk sem starfar 16:30-17:00.

Að því sögðu tel ég það mikla afturför hjá Reykjavíkurborg að lengja opnunartíma allra leikskóla um 30 mínútur á komandi starfsári. Það mun leiða af sér töluvert aukið álag á stjórnendur, leikskólakennara og annað starfsfólk leikskóla og að öllum líkindum draga úr þeim jákvæðu áhrifum sem er lýst í bakgrunnsgögnum 1, reynsla leikskólastjóra af áhrifum opnunartíma til kl 16:30 á leikskólastarf. Ef starfsfólk er undir auknu álagi þá hefur það áhrif á velferð og líðan leikskólabarna. Tryggja þarf aukna mönnun í leikskólum því hún er skorin við nögl og hefur, að mínu mati, ástandið versnað með nálgun Reykjavíkurborgar á styttingu vinnuvikunnar í leikskólum. Meira álag og streita er á starfsfólk þar sem þeir eru nú færri með jafnmörg börn seinni hluta dagsins. Virkilega þarf að skoða þessa nálgun og setja aukið fjármagn inn í leikskólana. Skapast hafa mönnunargöt mjög víða eftir hádegi í leikskólum sem bitnar á þjónustu við leikskólabörnin, sem geta ekki barist fyrir sínum réttindum sjálf.

Varðandi lengd dvalartíma barna allt frá 8,5 klst uppí 9 klst finnst mér SVÓT greiningin sem sett er upp í töflur um kosti, galla, tækifæri og ógnir varpa góðu ljósi á stöðuna. Mín persónulega skoðun sem foreldri er að börn ættu ekki að dvelja lengur en 8,5 klst á dag í leikskóla. Það er nægilega langur vinnudagur fyrir lítil börn. Það er jafnframt mín skoðun að við verðum að byrja á að stytta vinnuviku barnanna og vera þannig góð fyrirmynd fyrir atvinnulífið.

Jafnframt mætti skoða að foreldrar sem eru í barneignarleyfi/fæðingarorlofi gætu einungis keypt dvalartíma sem eru 8 klst.

Liður 2: Skipulag dagsins

Hugmyndir um skipulag dags í leikskólum að þungi faglegs starfs með íhlutun leikskólakennara fari fram milli 8:30-14:00 eru jákvæðar og ein leið til að jafna kjör leikskólakennara við grunnskólakennara sem dæmi.

Undirrituð hefur áhyggjur af þeirri þróun sem getur orðið nú þegar eitt leyfisbréf er fyrir leik, grunn og framhaldsskóla þar sem töluverður fjöldi starfsfólks, 167 talsins, fóru úr leikskólanum og yfir í grunnskólann á árunum 2018-2019 samkvæmt Haraldi F. Gíslasyni, formanni Félagsleikskólakennara sem ræddi þessin mál á opnum fundi Fyrstu Fimm samtakananna þann 18. maí 2021 síðastliðinn.

Liður 4: Uppbygging gjaldskrár

Sem leið til að stytta vinnudag/vistunartíma leikskólabarna vil ég benda á hugmyndir Fyrstu Fimm hagsmunasamtakanna þar sem lagt er til gjaldfrjálsan leikskóla fyrstu 6 klst viðveru þeirra. Þetta gæti verið ein leið til að stytta vistunartíma leikskólabarna á móti styttingu vinnuviku fullorðinna.

Liður 5: Framtíðarsýn um stærð barnahópa og leik- og heildarrými á hvert barn

Sú nálgun að koma skuli á viðmiðum um fjölda fermetra í leikrými á hvert barn og viðmið um hámarksfjölda barna á deild er löngu tímabært. Það eru alltof mörg börn í of litlu rými í flestum leikskólum borgarinnar. Slík þróun, að börn hafi of lítið rými til leiks og samskipta, leiðir til aukins hávaða og tíðari samskiptaárekstra. Í slíku starfsumhverfi verður starfsfólk og börn þreyttara yfir daginn. Ef of mörg börn eru í hverju rými /á hverri deild minnka líkur á að börn fái viðeigandi stuðning í félagslegum samskiptum.

Að sama skapi tel ég mikilvægt að tekið sé mið af fjölda starfsfólks á hverri deild þegar reiknuð eru viðmið um fjölda fermetra á hvert barn og hámarksfjölda barna á deild. Fullorðið starfsfólk tekur töluvert pláss innan deildarinnar líka sem skerðir fermetra sem hvert barn hefur til leiks.

Liður 6: Aðgerðir til að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunurvanda leikskóla

Mikilvægt er að nýliðafræðsla sé oftari en einu sinni á ári vegna starfsmannaveltu í leikskólum. Slík fræðsla þyrfti að vera einu sinni á önn að mínu mati.

Undirrituð er sammála að mikilvægt sé að samræma þær kröfur sem gerðar eru til ófaglærðra starfsmanna sem sinna uppeldi og menntun barna í leikskólum annars vegar og grunnskólum hins vegar. Er það sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að nú er eitt leyfisbréf kennara fyrir bæði skólastigin og ef ósamræmi er í ákvæðunum

Annað:

Mér þykir nauðsynlegt að ítreka það sem ég nefndi hér að ofan varðandi nálgunina á styttingu vinnuvikunnar, þ.e. að ekkert fjármagn kemur inn í leikskóla til að bregðast við þeim mönnunargötum sem verða vegna hennar. Líklegt er að í lýðræðislegri kosningu innan leikskólanna hafi starfsfólk kosið að fara í 36 stunda vinnuviku vegna langvarandi álags og streitu í 40 stunda vinnuviku. Það leiðir til þess að mönnunargöt hafa myndast sem bitnar á þjónustu við börnin. Það bitnar ekki á þjónustu við foreldra vegna þess að opnunartími leikskóla hefur ekki styst en börnin eru ekki að fá þá sömu þjónustu og þau eiga rétt á í sinni umönnun, stuðningi í félagslegum samskiptum og lengi mætti áfram telja. Ég hef tekið eftir auknu álagi á deildum þegar ég sæki barnið mitt í leikskólann og að sama skapi er barnið mitt að lenda í aðstæðum í félagslegum samskiptum sem ég tel að væri mögulega hægt að koma í veg fyrir með betri mönnun yfir leikskóladaginn svo hægt væri að veita viðeigandi stuðning í félagslegum samskiptum.

Ég fagna styttingu vinnuvikunnar og finnst hún frábært og nauðsynlegt skref í átt að betra samfélagi. Aftur á móti er ég, sem foreldri, ósátt við þá nálgun sem farið er í henni. Að hver leikskóli eigi “bara að redda þessu” ef svo má að orði komast. Starfsaðstæður sem þessar eru ekki ákjósanlegur kostur þegar kennaramenntað fólk velur sér vinnustað og óttast ég að þetta gæti leitt enn frekar til þess að leikskólakennarar flýji leikskólastigið og kjósi frekar að starfa á grunnskólastigi.

Virðingarfyllt
Linda Rós Jóhannsdóttir

Umbætur og skipulag leikskólastarfs

Umsögn leikskólastjóra í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi

Tillögur stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs miða að því að bæta starfsumhverfi, draga úr álagi á börn og starfsfólk, stytta vinnuvikuna og tryggja gæði leikskólastarfs með þarfir barna í huga.

Tillögur stýrihópsins:

1. Að opnunartími leikskóla borgarinnar verði frá kl. 7:30-16:30, í stað 7:30-17:00. Að 1-2 leikskólar í hverju hverfi verði opnir til kl.17:00 til að koma til móts við þá foreldra sem þurfa á lengri leikskóladvöl að halda

Svar: Við styðjum þessa tillögu og fyrir því eru bæði rekstrarleg og fagleg rök. Rekstrarleg rök eru þau að álagið er minna á börn og starfsmenn. Það er oft mjög erfitt að fá starfsmenn til að vinna til kl. 17:00. Langur opnunartími leikskóla 9,5 st. þynnir út starfið í báða enda, sem getur bæði skapað álag vegna of- og undirmönnunar yfir daginn.

Með því að loka leikskólum kl. 16:30 er enn verið að veita þjónustu í 9 tíma og við getum látið alla starfsmenn mæta 08:30 eða fyrr sem styður við morguninn sem er oft mjög viðkvæmur tími og við getum hafið starfsemi fyrr.

Með þessari breytingu verður því einnig bæting á starfsumhverfi barna. Eftir að leikskólum var lokað 16:30 síðustu misseri vegna Covid19, **höfum fundið fyrir mjög jákvæðum breytingum á starfinu. Nánast öll börn eru mætt 08:30 eða fyrr og þau fara flest heim á svipuðum tíma. Núna eru ekki fá börn eftir sem „bíða“ eftir því að verða sótt.**

Við finnum einnig mjög mikinn mun á öryggi á vinnustaðnum, það eru fleiri starfsmenn eftir í lok dags og það þarf ekki að smala börnum saman síðasta hálf tímamann á skiladeild. Núna eru allir saman í lok dags og allur frágangur er betri.

Komið er til móts við þá foreldra sem nauðsynlega þurfa á lengri vistun að halda, en allar tölur benda til þess að þörfin sé þverrandi.

Flestir sjálfstætt starfandi leikskólar loka 16:30 eða fyrr og það sama má segja um leikskóla stærstu sveitarfélaga landsins, til að mynda Akureyri og Reykjanesbær sem loka 16:15. Þetta er jákvæð þróun og mjög mikilvæg í að skapa samkeppnishæfa leikskóla, því Reykjavíkurborg þarf að vera í sterkri samkeppni um kennara.

2. Að dvalartími barna verði að hámarki 9 klukkustundir daglega og 42,5 stundir á viku, sem felur í sér að dvalartími getur verið breytilegur.

Svar: Við styðjum þessa tillögu. 9 eða 9,5 stunda vinnudagur fyrir ungt barn er allt of langur tími alla daga. Hér er einnig gefin kostur á smávægilegum sveigjanleika sem er nýtt og það gefur foreldrum tækifæri á að stilla sína vinnustyttingu að dvalartíma barnsins.

3. Að meginþungi faglegs starfs í gegnum leik og viðfangsefni barna með íhlutun leikskólakennara fari fram frá kl. 8:30-14:00, þ.e. starf sem byggir á aðalnámskrár leikskóla, stefnu, hugmyndafræði og námskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Svar: Við styðjum þessa tillögu. Í dag er eitt leyfisbréf þvert á skólastig og því er nauðsynlegt að bregðast við í leikskólum til þess að skapa aðstæður sem eru sambærilegar og á öðrum skólastigum. Vinnudagur barna er langur, en þessi

hugmynd styður vel við Aðalnámskrá leikskóla þar sem vellíðan barna er í forgrunni auk Barnasáttmálans og menntastefnu Reykjavíkurborgar.

4. Að hafist verði handa við að endurskoða líkan sem fjárúthlutanir til leikskóla byggja á.

Svar: Við styðjum þessa tillögu. Það er mjög mikilvægt að fara í saumana á úthlutunarlíkani. Þar eru mörg tækifæri til lagfæringar, sem bæði gagnast starfsmönnum og börnum og mun um leið bæta rekstur og starfsumhverfi leikskóla. Það er rétt að geta þess að margt hefur áunnist síðustu ár, eins og hækkun barngilda sem þýddi færri börn á starfsmenn, fækkun barna í rými, fjölgun undirbúningstíma. Það sýnir einnig hversu þörfin var orðin mikil.

5. Að þeir leikskólar sem bjóða upp á lengri opnunartíma fái fjárheimildir til að tryggja nauðsynlega mönnun til kl. 17:00

Svar: Við styðjum þessa tillögu, en erum að sama skapi ekki spennt að taka það að okkur. Þetta er ein ástæðan fyrir því að farið var í þessa vinnu, því með löngum opnunartíma eins og fyrirkomulagið var, þá skapaðist mikið ójafnvægi í upphafi og lok hvers dags. En með því að viðurkenna að langur þjónustuopnunartími kostar pening, þá er opnun til kl. 17:00 auðveldara í framkvæmd rekstrarlega séð ef fjármagn fylgir, en það mun sjálfsagt alltaf reyna á það að fá fólk í þessar stöður. Með því að hafa einn söfnunarskóla í hverju hverfi og ef einhver ásókn verður í þennan dvalartíma þá er hugsanlegt að fleiri börn séu saman til lok hvers dags og það er betri tilfinning en að hafa fá börn í mörgum skólum og betur farið með fjármuni.

Eftir fyrstu úttekt úr Völu á dvalartíma barna, skall Covid19 á með tilheyrandi skerðingu á opnunartíma leikskóla. Margir foreldrar unnu heima og frá áramótum 2021 hafa margir vinnustaðir verið að vinna í styttingu vinnuvikunnar. Það er von okkar að vinnumarkaðurinn taki í fangið það sem gekk vel á þeim tíma og samfélagið kannski lært eitthvað sem vert er að viðhalda, t.d. sveigjanleika í vinnu og gefa fólki tækifæri á að vinna heima. Það gagnast bæði börnum landsins og minnkar umferð og bætir loftgæði, öllum til hagsbóta.

Það hefur þó komið í ljós, að aðsókn að vistunartíma umfram 16:30 hefur snarminnkað eða úr tæplega 900 börn nóvember 2019 niður í 261 1. febrúar 2021 og fer enn lækkandi. Það kann að vera að hluta til vegna ástandsins í Covid19, en það getur einnig verið vegna meðvitaðrar ákvörðunar foreldra um mikilvægi þeirra í uppeldi og nærveru barna sinna og þeirra tækifæra með vinnustyttingu og sveigjanleika í starfi. En stór hluti af þessari fækkun eru börn sem eru hætt í leikskóla og farin í grunnskóla.

6. Að haldið verði áfram margvíslegum aðgerðum til að bregðast við nýliðunarvanda leikskólakennara og koma til móts við mönnunarvanda í leikskólunum.

Svar: Við styðjum þessa tillögu. Þetta er eitt af forgangsverkefnum og skiptir leikskólana miklu máli. Aldurstré leikskólakennara er mjög óhagstætt, en það sýnir að nýliðun er mjög lítil og það eru margir leikskólakennarar að nálgast starfslok og hlutfall leikskólakennara hefur verið í frjálsum falli síðustu ár.

Um 30% starfsmannavelta sýnir aðeins veltuna sem birtist 1. desember ár hvert. En í rauninni er starfsmannavelta í leikskólum mun meiri oft á tíðum, því starfsmannavelta hagstofunnar mælir ekki alla þá sem byrjuð og hættu þess á milli.

Staðan er því grafalvarleg, því þeir sem mennta sig til starfsins hafa valið sér leikskólann sem starfsvettvang og þannig náum við að minnka starfsmannaveltuna smátt og smátt sem mun hafa mikil áhrif á starfsumhverfi innan leikskólans.

Samkvæmt lögum skulu 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljast til stöðugilda leikskólakennara. Undir þetta fellur ekki stjórnun leikskólans, þ.e. stöðugildi leikskólastjóra og stöðugildi í sérkennslu. Einnig eru starfsmenn í eldhúsi undanskildir. **Í dag eru til leikskólar með engan leikskólakennara fyrir utan stjórnanda og annað dæmi úr leikskóla í okkar hverfi en þar hafa 3 kennarar hætt þetta skólaár vegna starfsloka og enginn kennari með leyfisbréf fyllt þeirra skarð.**

Ef farið væri að lögum, að 2/3 hlutar stöðugilda væru leikskólakennarar þá myndi kostnaðarauki borgarinnar vera yfir 780 milljónir á ári, miðað við launatöflu okt. 2019.

Ný lög um ráðningar kennara við leikskóla tóku gildi 1. janúar sl. þar sem eitt leyfisbréf kennara er metið til jafns í leikskólum, grunnskólum og í framhaldsskólum. Með þeirri breytingu hefur hlutfall starfsmanna með leyfisbréf leikskólakennara hækkað enda eru nú starfandi í leikskólum grunnskólakennarar og framhaldsskólakennarar sem fá leyfisbréf sitt metið innan leikskólans.

Það dugar ekki til að ná viðmiðum laga um að 2/3 hluta starfsmanna skulu vera leikskólakennarar, en stóra spurningin er hvort að það dugar til fjölgunar leikskólakennara frá því sem verið hefur. Á sama tíma er einnig áætlun um að fjölga leikskólaplássum með því að stækka leikskóla og opna nýja leikskóla, þá má reikna með að hlutfall leikskólakennara lækki enn frekar. Það er því mjög brýnt að skapa betri aðstæður í starfsumhverfi leikskóla í Reykjavík, til að laða að leikskólakennara sem víðast. Við erum einnig í samkeppni við önnur skólastig.

	Hlutfall leikskóla-kennara í Reykjavík
2017	28,40%
2018	26,70%
2019	25,20%
2020	23,72%
2021	?

Greinagerð

Það var mjög sterk rödd úr hópi leikskólastjóra og leikskólakennara að fá Reykjavíkurborg til að bregðast við erfiðum starfsaðstæðum í umhverfi leikskóla. Ein tillagan sem lögð var fram var að stytta opnunartíma um 30 mínútur á dag, úr 07.30-17:00 yfir í 07:30-16:30. Úr 9,5 tíma niður í 9 tíma þjónustuopnun á dag. Það er langt síðan að þessi ósk kom fram hjá leikskólastjórum og má vísa í erindi þess efnis frá 2017. Erfiðleikar og mikið álag hefur einkennt starfsumhverfi leikskóla í mörg ár, á sama tíma hefur leikskólakennurum fækkað allverulega í störfum leikskólanna en aðrar starfstéttir hafa fjölgað í sínum röðum, þ.e. ófaglærðir eða starfsmenn með aðra háskólamenntun. Öðrum starfsmönnum má skipta í tvenn. Hvort sem um háskólamenntaða eða ekki er um að ræða, þá hefur hluti af þeim valið að starfa í leikskóla til lengri tíma á meðan aðrir stoppa stutt við, frá nokkrum mánuðum upp í

ár. Það er starfsmannavelta sem skapar mikið álag. **Við erum alltaf að ráða og þjálfra upp nýtt fólk.**

- Leikskólakennarar og stjórnendur eiga stéttarfélagsmet, ef hægt er að kalla met, í fjölda félagsmanna sem þiggja þjónustu frá Virk endurhæfingu. Veikindi eru tíð, meðal annars vegna stoðkerfisvanda og álags.
- Eitt leyfisbréf þvert á skólastig kallar á bætt starfsumhverfi leikskóla til að koma í veg fyrir atgerfisflóttu úr stéttinni.
- Stóru nágrannasveitarfélögin loka leikskólum 16:30 og fyrr.
- Sjálfstætt starfandi leikskólar loka flestir 16:15 eða 16:30. Starfsemin er studd af Reykjavík.
- Dagforeldrar loka 16:00 eða fyrr.
- Leikskólakennara stéttin er að eldast og aldurstreð er mjög óhagstætt og endurnýjun er mjög lítil.
- Reykjavíkurborg er í samkeppni um að manna stöður leikskólakennara, við erum í samkeppni við önnur sveitarfélög, einkarekna leikskóla og önnur skólastig.
- Leikskólakennarar er sú starfsstétt sem hefur menntað sig til starfsins og er líklegri en aðrar stéttir að skapa minni starfsmannaveltu.
- Sú staða hefur komið upp að enginn hefur sótti um leikskólastjórstöðu, aðstoðarleikskólastjórstöður og leikskólakennarastöður.
- Það verður að bregðast við, ef að við ætlum ekki að ganga að leikskólanum dauðum í þeirri mynd sem lög og reglugerðir kveða á um. Þetta var ákall frá gólfinu, hvernig leikskóla viljum við hafa? Þarna togast á menntunarhlutverk og þjónustuhlutverk.
- Leikskóli opinn til kl. 17:00. Byrjar alla daga á álagi og skorti á starfsfólki, sem er alls ekki gott veganesti inn í daginn, né góð þjónusta við börn og fjölskyldur. Við höfum bent á það að morgnarnir verða að vera vel mannaðir þegar við erum að taka á móti börnum 1-5 ára og mörg þeirra þurfa einstaklingsmiðaða þjónustu þegar komið er með þau í leikskólann. Að fá alla starfsmenn í hús 08:30 eða fyrr, bætir starfsskilyrði og styður við góðan leikskólabrag og persónuleg þjónusta við börn verður betri. Álag minnkar og við höfum fundið muninn eftir að við fórum að loka 16:30 á Covid19 tímum.
- Skipulagt starf getur hafist kl. 08:30 í stað 09:00. Ath. að börn byrja að mæta 07:30 og þurfa ekki að „bíða“ lengur eftir upphafi dagskrár. Þéttir starfið.

Jafnréttismatið

- Hefur að geyma margar tölulegar upplýsingar sem áhugavert er að skoða.
- Tæplega 900 voru með vistun á milli 16:30-17:00, 2019. Könnun var send til beggja foreldra sem skapar tvöfalt vægi svarenda. Það var ekki hægt að finna út hversu margar fjölskyldur voru á bak við þessi börn.
- 62% telja að það koma sér mjög illa ef leikskólar loka fyrr → það er, 62% þeirra sem svöruðu könnuninni, hvað voru það margir sem ekki svöruðu?
- Feður sögðust síður sækja og vilja síður styttingu opnunartímans
- Á meðan mæður töldu sig sækja oftar en voru mun minna á móti breytingum.
- Breytingin mun koma sér verst fyrir þá sem eru einstæðir, erlendir foreldrar með lágar tekjur og hafa lítið bakland, af þeim sem nýttu þennan tíma eftir kl. 16:30
- En þeir sem notuðu mest þessa þjónustu eftir kl. 16.30 var hjónafólk.

- 42% nýting var á dvalartímanum eftir 16:30, hjá þeim sem áttu hann, en skólarnir gerðu ávallt ráð fyrir mönnun á þessum tíma sem var lítið nýttur.
- Aðeins 25 foreldraráð af 63 skiluðu inn álit. Af þessum 25 sem skiluðu inn, voru 8 almennt jákvæðir, 13 almennt neikvæðir og 4 tóku ekki afstöðu.
- 38 foreldraráð eða 60% höfðu ekki fyrir því að skila inn álit.
- Í jafnréttismatinu er hvorki vitnað í álit KÍ né rödd leikskólastjóra, en þeir voru með ákall um að bregðast við óviðunandi álagi og vinnuaðstæðum sem skapast meðal annars í löngum opnunartíma leikskóla og mikill þjónustuspönn. Breyttum aðstæðum með einu leyfibréfi og löngum vinnutíma barna.

Starfsfólki leikskóla er haldið uppi að mestu af konum í láglaunastörfum. Það væri eftirsótt jafnrétti að geta fjölgað karlmönnum í störfum leikskólans en þá þarf líka að breyta viðhorfi til stéttarinnar; þjónusta eða menntastofnun.

Að stytta opnunartíma leikskóla úr 9,5 st. niður í 9 st. á dag getur ekki haft úrslitaáhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaðinum. Við erum enn að tala um 9 st. opnun á dag og vandi jafnréttis á sér dýpri rætur í samfélaginu sem skýra má með t.d. launamun kynjanna og það verður ekki bætt með lengri þjónustu við börn í leikskóla.

Stytting vinnuvikunnar

Stytting vinnuvikunnar er nýjasta verkefnið sem bæst hefur við starfsemi okkar. Það styður enn frekar við þá tillögu að loka kl. 16:30. Við sjáum ekki hvernig hægt er að leyfa starfsfólki að njóta styttingarinnar með sama hætti og aðrar stéttir/starfsmenn, ef þjónustan á að spanna 9,5 st. Í því tillit er rétt að benda á að þjónustuver borgarinnar hefur tilkynnt styttri opnunartíma, eða frá 08:30 -16:00. Við óskum þeim til hamingju með þessa breytingu og okkur finnst vel í lagt og hefðum viljað að leikskólinn tæki þau til fyrirmyndar og við værum að tala um að loka 16:00 en ekki 16:30.

×

Breyttur opnunartími í þjónustuveri Bor...
 reykjavik.is

🔖



Nýr opnunartími verður frá 08:30-16:00.
 Afgreiðsla teikninga og móttaka umsókna fyrir embætti Byggingarfulltrúa verður alla virka daga frá 08:30-15:30.

Þetta er gert til að samræma opnunartíma í framlínubjónustu borgarinnar og einnig til að koma til móts við styttingu [vinnuvikunnar](#).

Fjölgun kennara

Mikilvægt er að fjölga leikskólakennurum og það eru mörg atvinnutækifæri fyrir þá sem vilja leggja þetta starf fyrir sig. Í dag er mikil fjölgun í kennaranám sem er mjög jákvætt. **Það tekur tíma að mennta alla til kennara og leikskólinn tekur virkan þátt í því, því allir nemar eru meira og minna starfandi í leikskólum og stunda fjarnám með vinnu og fara í námsleyfi í innilotum. Enginn er í staðnámi. Þetta er enn eitt aukið verkefnið sem við tökum í fangið því það skilar okkur vonandi fleirum framtíðarleikskólakennurum.**

Niðurstöðum könnunar OECD ríkjanna haustið 2020 sýnir að íslensk börn skora lægst allra Evrópuríkja í lélegri félagsfærni barna.

Að sögn Hervarar Ölmú Árnadóttur er staðan grafalvarleg og við getum og eigum að gera betur og það er verkefni **heimila og skóla** að takast á við það. Það þarf að sinna félagsfærni og þjálfu og við gerum það með sterkum og góðum fyrirmyndum (foreldrum), frjálsum leik barna, hlutverkaleik og varast þarf ofskipulag hjá börnum, þannig að þau hafi tíma fyrir

félagaval og leik heima fyrir. **Stytttri leikskóladagur gefur tækifæri á að læra/rifja upp þessa félagsfærni sem er mjög á undanhaldi í dag.**

Mörg leikskólabörn eru einnig í frístundum eftir leikskóla, íþróttum eða tónlist. Skjátíma þarf að stilla í hóf til að koma í veg fyrir einangrun og félagsforðun og upphefja þar samverustundir fjölskyldunnar. **Í niðurstöðu könnunarinnar kemur fram að það mikilvægasta í hamingju barna er sá tími sem það eyðir með fjölskyldu sinni.**

Vinnudagur er lengstur á Íslandi í vestrænni menningu og það hefur áhrif á hvernig barni líður innan fjölskyldunnar.

6 leiðir eru nefndar til þessa að takast á við þetta:

1. Aukinn jöfnuður
2. Góðir leikskólar (**hvernig gerum við þá góða og hversu mikið er nóg**)
3. Aukið aðgengi barna að og unglinga að sálfræðipjónustu
4. Fjölskylduvænir vinnustaðir
5. Náttúruvernd
6. Hlúa að bólusetningu og læknisþjónustu

Í skýrslu stýrihópsins kemur fram að með breyttum opnunartíma sé hægt að ná fram verulegum umbótum í skipulagi leikskólastarfsins og bæta daglegt umhverfi barna og starfsfólks. Þar með megi bæta þjónustu við flest börn sem dvelja í leikskólunum, þetta fagstarfið á opnunartíma leikskólans, auðvelda mönnun og draga úr álagi á börn og starfsfólk.

Þá segir að einnig sé mikilvægt að taka tillit til þeirra foreldra, sem þurfa á lengri vistunartíma að hald. Til að mæta þörfum foreldra sem hafa dvalarsamning eftir klukkan 16:30 verður að minnsta kosti einn leikskóli í hverju hverfi þar sem boðið verður upp á þjónustu til kl. 17:00.

Það er kominn tími til að við hlustum á fagfólkið, dvalartími barna hefur snaraukist síðustu 20 til 30 ár, þegar það var ekki óalgengt að börn væru í 4-6 st. á dag yfir í 8,5 st. í dag. Við vonumst til að þessar tillögur fái hljómgrunn og góða afgreiðslu börnum og leikskólum Reykjavíkur til heilla.

Reykjavík 9. júní 2021

Virðingarfyllt

Leikskólastjórar í Laugardals- og Háaleitis og Bústaðahverfi

Agnes Ólafsdóttir

Hrafnhildur Konný Hákonardóttir

Bergsteinn Þór Jónsson

Ingibjörg Brynjarsdóttir

Elín Björk Einarsdóttir

Ingibjörg Kristleifsdóttir

Guðrún Gunnarsdóttir

Rebekka Jónsdóttir

Harpa Ingvadóttir

Sólrun Óskarsdóttir

Harpa Brynjarsdóttir

Særún Ármannsdóttir

Helga Ingvadóttir

Valborg Guðlaugsdóttir